

# MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM SAMKVÆMT LÖGUM NR. 63/1993 Á FYRIRHUGUÐUM FRAMKVÆMDUM Á HVERAVÖLLUM SAMKVÆMT FRAMLAGÐRI DEILISKIPULAGSTILLÖGU

## NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

### 1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum, fyrirhugaðar framkvæmdir við þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn á Hveravöllum samkvæmt framlagðri deiliskipulagstillögu.

#### **Framkvæmdaraðili:**

Svínavatnshreppur og Torfalækjarhreppur í Austur-Húnavatnssýslu.

#### **Framkvæmdir kynntar í frummatsskýrslu:**

Bygging ferðamannamiðstöðvar á jaðri og rétt innan friðlýsta svæðisins á Hveravöllum, ásamt nýjum aðkomuvegi, bílastæði og tjaldsvæði. Einnig er fyrirhugað að girða, leggja stíga og græða upp svæðið. Gert er ráð fyrir hitaveitu, neysluvatnsveitu og fráveitu. Einnig er fyrirhugað að reisa rafstöð og birgðageymslu fyrir bensín og olíur. Gert er ráð fyrir að fjarlægja eftirfarandi mannvirki af svæðinu: Nýrri skála Ferðafélags Íslands ásamt salernisaðstöðu og skúrum austan skálans, skúr Sauðfjárveikivarna og núverandi aðkomuveg og bílastæði.

#### **Markmið framkvæmda:**

Markmið framkvæmda eru, samkvæmt frummatsskýrslu:

- Að vernda svæðið sem látið hefur á sjá á síðustu árum.
- Að ná stjórn á og skipuleggja vaxandi umferð og ágang og gera svæðið þannig úr garði að það geti tekið við þeirri umferð án þess að gróður og náttúruminjar skaðist.

**Frumathugun:** Framkvæmdirnar voru tilkynntar til embættis skipulagsstjóra ríkisins með bréfi verkfræðistofunnar Fjölhönnunar hf., dagsettu 21. desember 1995. Framkvæmdin var formlega móttækin af embætti skipulagsstjóra ríkisins með bréfi til Svínavatnshrepps, dagsettu 29. desember 1995. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 10. janúar 1996 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og Glugganum. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 10. janúar til 15. febrúar 1996 hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins í Reykjavík og hjá oddvitum Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps. Átta athugasemdir bárust á kynningartíma. Leitað var umsagnar tíu aðila: Sveitarstjórna Svínavatns- og Torfalækjarhreppa, Ferðafélags Íslands, Ferðamálaráðs Íslands, Hollustuverndar ríkisins, Landgræðslu

ríkisins, Náttúruverndarráðs, Sauðfjárveikivarna, Veðurstofu Íslands og Þjóðminjasafns Íslands.

### **Gögn lögð fram við frumathugun:**

#### **Frummatsskýrsla:**

Hveravellir, deiliskipulag. Frummat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Svínavatns- og Torfalækjarhreppur í Austur-Húnavatnssýslu, Nýja Teiknistofan hf., og Verkfræðistofan Fjölhönnun hf., desember 1995.

## **2. UMSAGNIR**

Leitað var umsagnar **sveitarstjórnar Svínavatnshrepps** með bréfi dagsettu 17. janúar 1996 og barst umsögn með bréfi dagsettu 25. janúar 1996. Þar kemur meðal annars fram að hreppsnefnd hefur yfirfarið skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrir Hveravelli. Nefndin telur skýrsluna vel unna, að vel sé gerð grein fyrir umhverfisáhrifum og nægjanlega sé bent á möguleika til mótvægisáðgerða.

Leitað var umsagnar **sveitarstjórnar Torfalækjarhrepps** með bréfi dagsettu 17. janúar 1996 og barst umsögn með bréfi dagsettu 29. janúar 1996. Þar segir meðal annars að hreppsnefnd samþykki framlagt deiliskipulag ásamt mati á umhverfisáhrifum á Hveravöllum óbreytt.

Leitað var umsagnar **Ferðafélags Íslands** með bréfi dagsettu 29. desember 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 26. janúar 1996. Þar kemur fram að Ferðafélagið hafi kært til umhverfisráðuneytisins þann hluta gildandi aðalskipulags Svínavatnshrepps sem nær yfir Hveravallasvæðið. „Verði aðalskipulag ómerkt leiðir af sjálfu sér að deiliskipulag, sem á að byggjast á því, ónýttist einnig“. Einnig telur Ferðafélagið að óvíst sé um eignarrétt á svæðinu, auk þess sem lögsagnarumdæmi Svínavatnshrepps nái ekki til Hveravalla. Ennfremur segir:

*„Sú breyting á deiliskipulagi Hveravalla frá staðfestu aðalskipulagi að færa þjónustumiðstöðina til um nokkur hundruð metra ásamt tilheyrandi mannvirkjum og staðsetja hana nú skv. deiliskipulaginu inná hið friðlýsta svæði Hveravalla og um leið miklu nær hverasvæðinu, getur aldrei talist minniháttar breyting frá aðalskipulagi, þannig að ekki sé laganauðsyn að beita 15. - 18. gr. skipulagslaga.“*

*„Sú breyting frá aðalskipulagi að leyfa húsi Veðurstofu Íslands að vera áfram, felur einnig í sér verulega breytingu á aðalskipulagi og er þá farið að mismuna aðilum á Hveravallasvæðinu gróflega og jafnræði brotið.“*

*„Þar sem ekki hefur verið skorið úr um eignarrétt yfir hálendi Íslands, getur enginn aðili úthlutað byggingarlóðum á svæðinu.“*

*„Svínavatnshreppur hefur ekki vald að lögum til að úthluta sjálfum sér byggingarlóðum á Hveravallasvæðinu. Það er grundvallaratriði við skipulag hálendisins að eignar- og umráðaréttur yfir hálendisvæðum, þ.m.t. á Hveravallasvæðinu, sé nákvæmlega skilgreindur.“*

*„Fram hefur komið að staðfesting umhverfisráðherra á aðalskipulagi Svínavatns- og Torfalækjarhreppa náði ekki til marka sveitarfélaganna í*

*óbyggðum og hefur Ferðafélag Íslands á þessu stigi uppi fyrirvara um sérstaka kröfugerð ásamt athugasemdum síðar, er byggjast á því atriði.“*

Í umsögn Ferðafélags Íslands segir einnig að ferðamenn vilji sjá stórbrotna náttúru landsins óspillta.

Hvað varðar **deiliskipulag svæðisins**, þá:

- Telur félagið óviðeigandi og markleysu að leggja fram deiliskipulag fyrir Hveravelli á meðan unnið er að skipulagi fyrir hálendið.
- Véfengir það að deiliskipulagið sé unnið í umboði landeigenda, þ.e. að Svínavatns- og Torfalækjahreppur eigi landið, samanber dóm í undirrætti þar sem eignarrétti þessarar hreppa var hafnað.
- Mótmælir félagið þeirri fullyrðingu að umgengni á Hveravöllum sé slæm og húsakostur óhrjálegur. Félagið bendir á að nýrri skáli Ferðafélagsins hafi verið settur niður í samráði við Náttúruverndarráð og að félagið hafi beitt sér fyrir lagningu göngustíga um svæðið og aflað til þeirra fjár. Einnig hafi félagið endurbyggt gamla fjallahúsið í eigu Svínavatnshrepps.
- Komi þar fram að æskilegt sé að vernda náttúru Hveravalla og því nauðsynlegt að stjórna streymi ferðafólks inn á svæðið og fækka þar mannvirkjum. Það standist ekki þar sem fjarlægja eigi nýrri skála Ferðafélags Íslands (80-90 m<sup>2</sup>) og salernishús ásamt skúr Sauðfjárveikivarna, en reisa margfalt stærra og meira áberandi hús í staðinn, bæði fyrir gistaðstöðu (600-900 m<sup>2</sup>) og rafstöð, auk þess sem viðbótar byggingarreitir sé um 1.500 m<sup>2</sup>. Stærð fyrirhugaðrar þjónustumiðstöðvar sé í hróplegu ósamræmi við fyrrgreindar forsendur. Hvergi komi fram hve mikið gistirými muni verða endanlega í nýju þjónustumiðstöðinni og á viðbótar byggingareitnum þó getið sé að „„*hæfileg byrjunarstærð virðist e.t.v. vera 70-80 rúm*“““. Þar eigi einnig að selja „„*einfallan mat t.d. súpu, kaffi og einfalt þjóðlegt meðlæti*““, sem hljóti að teljast veitingarekstur. Hér sé því um gistihús eða hótél að ræða sem sé í ósamræmi við þá stefnu að aðalþjónusta sé í útjaðri hálendisins. Í frummatsskýrslu komi sú skoðun hreppsnefndar Svínavatnshrepps fram að óráðlegt sé að byggja það stórt gistirými að sinni að hægt sé að þjóna álagspunktum. Gistirými miðist við farþegafjölda úr stórru rútu og rúmlega það.
- Bendir félagið á að það hafi haft aðstöðu á Hveravöllum síðan 1937 og hafi eldri skáli þess verið reistur 1938. Því er mótmælt að fjarlægja eigi nýrri skála félagsins, sem reistur hafi verið árið 1980 og færður nær svæðinu árið 1989, í bæði skiptin með leyfi og í samráði við Náttúruverndarráð. Hafi Svínavatnshreppur ekki gert neina athugasemd við þessar framkvæmdir í hvorugt skiptið. Einnig mótmælir félagið þeirri staðhæfingu að rotþró sem sett hefur verið niður hafi reynst illa og að ekki sé gert ráð fyrir neinni salernisaðstöðu fyrir eldri skála félagsins. Auk þess sé ekki rétt að frágangur hitalagna á vegum félagsins feli í sér brot á reglum í friðunarlögmum Hveravalla, þar sem aðallögn félagsins hafi verið komið í jörð eða undir göngupalla og markvisst sé unnið að því að ganga vel frá.
- Sé óljóst samkvæmt því hvort koma eigi upp bensínsölu eða ekki.
- Sé staðsetning þjónustumiðstöðvar ekki í samræmi við aðalskipulag. Hún hafi verið færð nær hverasvæðinu og aðalskipulagi þurfi því að breyta. Einnig að aðilum á Hveravöllum sé gróflega mismunað þar sem fjarlægja eigi byggingar

Veðurstofunnar samkvæmt aðalskipulaginu, en í deiliskipulagi sé lagt til að þær fái að standa út gildistíma.

Hvað varðar **mat á umhverfisáhrifum**<sup>1</sup>, þá:

- Sé með bættri aðstöðu verið að stórauka ferðamannastraum inn á svæðið og því nauðsynlegt að meta umhverfisáhrif á mun stærra svæði en hér sé gert. Væntanlegar byggingar muni bera svæðið ofurlíði, en eðlilegt hefði verið að halda sig við aðalskipulagið og hafa byggingarnar mun fjær.
- Bendir félagið á að hvergi sé minnst á 300 metra langan vegspotta og hringtorg við tjaldstæði austan við þjónustumiðstöðina, sem fram komi á uppdráttum. Langt verði að sækja hreinlætis- og salernisaðstöðu um 300 metra leið að henni.
- Gæti misskilnings í umfjöllun um hitaveitu á staðnum, áætlun um nýtingu sé ófullnægjandi og útreikningar rangir. Óraunhæft sé að tala um eina sameiginlega hitaveitu og ekki sé heldur gert ráð fyrir því að eldri skáli Ferðafélagsins verði upphitaður. Jarðhitasvæðið hafi ekki verið rannsakað og að ósættanlegt sé að það verði gert þegar deiliskipulagið hafi verið samþykkt. Í deiliskipulagi sé lagt til að tekinn verði frá stór reitur innan friðlýsta svæðisins til nýtingar jarðhita án þess að jarðhiti hafi verið kannaður. Ekkert liggi fyrir um hug Náttúruverndarráðs í þessum efnunum.
- Séu engar kröfur settar fram um frágang rafstöðvar, en hætta sé á hljóðmengun frá rafstöð í óbyggðum. Nauðsynlegt sé að kveða á um frágang hennar í deiliskipulagi.
- Gæti ósamræmis í texta frummatsskýrslu, þar sem fram komi að óæskilegt sé að sumargestum fjölgi fyrir en ljóst sé hve mikið svæðið beri, en á sama tíma sé lagt til að tröllauknar byggingar rísi.
- Verði að gæta mjög að uppgræðslu á friðuðu svæði og óljóst sé hvað átt er við með útfærslu náttúrulegs gróðurs á svæðinu. Einnig vanti umfjöllun um náttúruminjar, að hverabungunni undanskilinni. Engin gögn liggi fyrir um náttúrufar og jarðfræði, og ekkert sé minnst á gróðurkort og jarðfræðikort af svæðinu. Þar af leiðandi séu fullyrðingar um að ekki séu fyrirsjáanleg áhrif á gróður og dýralíf algjörlega órökstuddar. Nauðsynlegt sé að fyrir liggi tillögur sérfróðra manna um hvernig best verður staðið að náttúruvernd. Lágmarkskrafa sé að þessi vitneskja liggi fyrir áður en deiliskipulag er unnið.

*„Ferðafélag Íslands leggur það til við skipulagsstjóra ríkisins að deiliskipulagi þessu verði hafnað. Bæði deiliskipulagið og frumumhverfismatið eru illa unnin að okkar dómi og tíðum í mótsögn við þær hugmyndir sem menn hafa um þá starfsemi sem fram á að fara á hálendinu. Ferðafélagið leggur til að Skipulag ríkisins beiti sér fyrir því að unnin verði vönduð náttúruvernd sem nái ekki aðeins yfir Hveravelli heldur einnig næsta nágrenni og í kjölfar þess verði unnið frekara umhverfismat í ljósi þess að svæðið er ein af náttúruperlum landsins. Ferðafélagið leggur til að Skipulag ríkisins beiti sér fyrir því að unnin verði vönduð jarðhitakönnun á svæðinu áður en deiliskipulag verður tekið til umfjöllunar.“*

<sup>1</sup> Í umsögninni kallað frumumhverfismat.

Leitað var umsagnar **Ferðamálaráðs** með bréfi dagsettu 29. desember 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 30. janúar 1996. Þar segir meðal annars:

*„Reikna má með að hugmyndin að skipulagi svæðisins komi til með að vernda að einhverju leyti gróður og jarðmyndanir, þar sem gert er ráð fyrir að öll þjónusta verði fjær viðkvæmustu stöðunum á svæðinu. Það er hins vegar skoðun framkvæmdastjórnar að vernda þurfi ímynd hálendisins sem lítt snortins svæðis, og ástæða sé til að ljúka heildarskipulagi á hálendinu áður en farið er að skipuleggja einstaka svæði. Með heildarskipulagningu verði nýting hálendisins skilgreind, hvort heldur sem ferðaþjónusta eða önnur not af svæðinu eru höfð í huga. Í framhaldi af því er hægt að koma á markvissri stjórnun á afnotum af hálendinu.“*

Minnt er á framkomnar tillögur í skýrslu samgönguráðuneytisins, „Ferðamál á Íslandi“, frá apríl 1983, þar sem gert er ráð fyrir að þjónustumiðstöðvar verði staðsettar á jaðri hálendisins. Slíkt auðveldi stjórnun og takmarki frekar viðveru fólks á hálendinu, auk þess sem það hlífi viðkvæmri náttúru. Einnig er minnt á eftirfarandi ályktun frá ferðamálaráðstefnu Ferðamálaráðs frá 1991:

*„„Nauðsynlegt er að miðhálandi Íslands verði sett undir eina skipulagsstjórn og svæðið skýrt afmarkað og skilgreint. Ferðamálaráðstefnan telur að stefna beri að því að gera hálendið allt að einum þjóðgarði.“*

*Með tilliti til þessa er að framan hefur verið sagt, er framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs mótfallin frekari uppbyggingu á Hveravöllum sem og öðrum stöðum á hálendinu fyrr en gengið hefur verið frá heildarskipulagi um framtíðarnýtingu hálendis Íslands.“*

Leitað var umsagnar **Hollustuverndar ríkisins** með bréfi dagsettu 29. desember 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 29. janúar. Þar segir meðal annars:

*„Á grundvelli þeirra upplýsinga sem koma fram í matsskýrslu telur Hollustuvernd ríkisins erfitt að greina heildarumhverfisáhrif vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Líklegt er þó að umhverfinu muni ekki stafa umtalsverð hættu af loftmengun eða mengun frá úrgangi enda verði ákvæðum mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum fylgt.“*

Einnig segir að ekki sé unnt að meta áhrif vatnstöku og vatnsmengunar fyrr en fyrir liggja rannsóknir á vatnsbúskap svæðisins. Hvað varðar rotþró, þá hafi stærð hennar:

*„verð áætluð í skýrslunni út frá núverandi þörf. Á það skal bent að ef um hóteltarfsemi sé að ræða er stærð rotþróar í lágmarki. Einnig getur þurft fitugildru frá eldhúsi. Rask vegna rotþróar og siturlagnar verður umtalsvert, gera þarf grein fyrir því raski og hvað það hefur í för með sér. Ekki er sýnt rými fyrir hreinsivirki fyrir fráveitu á uppdráttum sem fylgja skýrslunni. Hollustuvernd telur nauðsynlegt að gerð sé úttekt á vatnsbúskap svæðisins vegna vatnstöku og rými fyrir hreinsivirki sé tilgreint í samræmi við það fyrir utan hið friðlýsta svæði áður en hægt sé að samþykkja deiliskipulagið.“*

Hollustuvernd ríkisins telur heildarfjöldi ferðamanna vanáætlaðan í skýrslunni og að óeðlilegt sé að gera ekki ráð fyrir vaxandi fjölda ferðamanna. Því verði að gera kröfur um að hreinsivirki sé hannað þannig að hægt sé að stækka það með auðveldum hætti.

*„Æskilegt er að fá nákvæmari upplýsingar um meðferð sorps og flokkun þess. Gerðar verða ýrustu kröfur um varnir gegn hávaðamengun. Hvað bensín- og olúafgreiðslu varðar verður krafist ýtrasta búnaðar sbr. reglugerð um varnir gegn olúumengun frá starfsemi í landi nr. 35/1994.*

*Hollustuvernd ríkisins telur þörf á að svör fáist við þeim athugasemdum sem settar eru fram í þessu bréfi og meðfylgjandi skjali.“*

Í fylgibréfi með umsögn Hollustuverndar segir:

*„Uppbygging Kjalvegjar frá Blönduvirkjun að Hveravöllum og brú yfir Seyðisá hefur leitt til aukinnar umferðar og álags á friðlýsta svæðið á Hveravöllum eins og talning Vegagerðar r. sýnir (umferðaraukning frá '90-'95 er tæp 63%). ..... því orkar tvímælis að byggja þjónustumiðstöð með gistirými fyrir 70-80 manns auk matsölu á og við svæði sem þolir ekki aukið álag. Vandséð er hvernig slík framkvæmd geti stuðlað að aukinni vernd svæðisins.“*

*„Annað markmið með fyrirhuguðum framkvæmdum er að stjórna og skipuleggja vaxandi umferð og gera svæðið þannig úr garði að það taki við umferðinni án hættu á skemmdum á gróðri og náttúruminum. Í skýrslunni er ekki talið æskilegt að veruleg aukning verði á fjölda sumargesta næstu ár vegna ágangs og fer það saman við álit landvarðar sem greinir frá því að svæðið liggir undir skemmdum og að sá aðbúnaður sem í boði er þjóni ekki núverandi umferð, hvað þá ef hún vaxi. Hveravellir eru í þjóðleið og er ekki auðvelt að takmarka umferð um hana án róttækra aðgerða. Sérstæð náttúra Hveravalla verður hins vegar ekki vernduð nema með takmörkun á fjölda gesta að sumarlagi. Verulega drægi þó úr álagi á friðlýsta svæðið ef þjónusta fyrir ferðamenn yrði í meiri fjarlægð frá svæðinu og þá við þjóðleiðina. Umferð sem einungis ætti leið um þjóðleiðina myndi þá síður leita eftir þjónustu inn á eða við friðlýsta svæðið. Í matskýrslu þarf að gera grein fyrir þessum kostum.*

*Hvað ferðaþjónusta og útivist áhrærir, þarf að gera grein fyrir þeim áhrifum sem aukin uppbygging kann að hafa á framtíðarmöguleika svæðisins. Gildi Hveravalla er fólgið í sérstæðri náttúru sem spillist og rýrnar við aukið skipulag manngerðs umhverfis. Setja þarf fram áætlun um hvort og hvernig á að standa vörð um þessi gildi.“*

Nauðsynlegt sé að meta hve svæðið þolir mikinn ágang og hvaða ágangsaukningu áætlað sé að svæðið þoli með fyrirhuguðum framkvæmdum. Hveravellir séu friðlýst náttúruvætti og staðurinn hafi látið á sjá á undanförunum árum af völdum ferðamanna.

*„Samkvæmt upplýsingum frá FÍ var fjöldi gistinátta 5677 á sl. ári (1995) sem er **um 600 fleiri en áætlun varðandi framkvæmdina gerir ráð fyrir.** Auk þess voru daggestir 5675 eða **um 950 fleiri en áætlun gerði ráð fyrir.** Áætlaður gestafjöldi árið 1995 verður þá 5677+5675+8700 (daggestir á eigin vegum) = **20.052** í stað 18.000.“*

*„Ekki kemur fram í skýrslunni hvað verður gert við gamla skála FÍ. Verði hann áfram nýttur sem gistirými hefur framkvæmdin í för með sér 45 rúma aukningu frá því sem nú er og verður þá húsrými fyrir um 115 manns á Hveravöllum. Því til viðbótar kæmi sú aukning sem stækkun*

*ferðamannamiðstöðvar hefði í för með sér, en stækkuninni er markaður byggingarreitur á korti deiliskipulags. Ekki er unnt að skilja það á annan veg en að sú ferðamannamiðstöð sem skýrslan fjallar um sé einungis áfangi í stærri framkvæmd síðar.“*

Ekki eru settar fram fjarlægðir milli ferðapjónustumiðstöðva og tiltekin sú þjónusta sem í boði er annars staðar við þjóðleiðina.

Leitað var umsagnar **Landgræðslu ríkisins** með bréfi dagsettu 29. desember 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 2. febrúar 1996. Þar gerir Landgræðslan athugasemd við að ekki virðist gert ráð fyrir umferð ríðandi manna á svæðinu. Þrátt fyrir aðstöðu fyrir hesta og menn í gangnamannakofa norðan í Breiðmelnun, þá megi búast við að hestamenn vilji skoða hverasvæðið og nágrenni. Nauðsynlegt sé því að hafa afgirt hólfi á gróðurlausum mel ásamt drykkjarvatni og aðstöðu fyrir heysölu, þar sem hægt sé að geyma hesta næturlangt. Einnig þurfi aðstöðu til að útvega eða selja hey. Tryggja verði að hestar sem fara um viðkvæm svæði hálendisins skaði ekki þau gróðurlendi sem þar eru. Bent er á að óæskilegt sé að girða ferðamannasvæðið af með rafmagnsgirðingu vegna allmikillar umferðar um svæðið. Markmið Landgræðslunnar sé að friða aðliggjandi svæði fyrir beit, en þangað til að svo verði sé væntanlega farsælast að fé verði stuggað frá svæðinu eftir því sem þörf krefur. Skynsamlegast sé að semja við vörð á svæðinu um að reka frá sauðfjárveikivarnagirðingum.

Leitað var umsagnar **Náttúruverndarráðs** með bréfi dagsettu 29. desember 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 26. janúar 1996. Þar segir meðal annars:

*„Deiliskipulagstillagan styðst að mestu leyti við staðfest aðalskipulag fyrir Svínavatnshrepp. Náttúruverndarráð gerði athugasemdir við aðalskipulagið með bréfi dags. 15. janúar 1993. Helstu athugasemdir Náttúruverndarráðs hvað varðar Hveravelli voru þær að ekki hefði verið gerð úttekt á því hvað veldur mestu álagi á Hveravelli. Meta þurfi lið fyrir lið hvaða áhrif, t.d. breytingar á vegasambandi við Kjalveg, breytingar á staðsetningu tjaldsvæðis, breytingar á gönguleiðum og takmarkanir á gistingu hafa á friðlýsta svæðið. Lögð var áhersla á að Hveravellir yrðu einungis áningarstaður þar sem lágmarksþjónusta væri til staðar. Ennfremur var lögð áhersla á að gisting, matsala og þjónusta vegna vélknúinna ökutækja yrði fyrst og fremst í jaðri hálendisins. Náttúruverndarráð taldi brýnt að stjórnun skipulags- og byggingarmála á miðhálandi Íslands yrði bætt og að miðhálandið yrði tekið fyrir sérstaklega sem eitt skipulagssvæði.*

*Aðalskipulag Svínavatnshrepps 1992-2012 var samþykkt af skipulagsstjórn og staðfest af umhverfissráðherra 3. nóvember 1993 án þess að tekið væri tillit til helstu athugasemda Náttúruverndarráðs.“*

Náttúruverndarráð:

- Telur fækkun húsa á friðlýsta svæðinu og færslu mannvirkja að mörkum friðlýsta svæðisins vera til bóta. Hins vegar bent á að auglýst deiliskipulag Hveravalla sé ekki í samræmi við samþykkt aðalskipulag Svínavatnshrepps hvað varðar staðsetningu þjónustumiðstöðvar.
- Gerir athugasemdir við byggingarreit sem sýndur er á deiliskipulagskortinu og ætlaður er fyrir framtíðarstækkun gistirýmis. Ekki eigi að gera ráð fyrir stækkun

gistirýmis fyrir en kannað hefur verið hvaða umhverfisáhrif slík stækkun hafi og hvað svæðið þolir mikið álag.

- Leggur áherslu á að engin raflýsing verði á bílastæðinu eða við þjónustumiðstöðina.
- Ítrekar stefnu ráðsins um að gisting, matsala og þjónusta vegna vélknúinna ökutækja verði fyrst og fremst í jaðri hálendisins og að Hveravellir verði einungis áningarstaður þar sem lágmarksþjónusta verði veitt.
- Telur nauðsynlegt að leggja stíg upp að Eyvindahver, en skoða þurfi nánar staðsetningu annarra stíga sem sýndir eru á deiliskipulaginu.
- Gerir ekki athugasemd við nýjan aðkomuveg að fyrirhugaðri ferðamannamiðstöð, en leggur til að einungis verði bílastæði fyrir fólksbíla og rútur.
- Telur lagningu girðingar nauðsynlega, en setur skilyrði um að vélknúin ökutæki verði ekki notuð við uppsetningu. Auk þess verði þess gætt að raska ekki hraununum.
- Bendir á að framvinda gróðurs meðfram lækjarbökkum hafi verið lítil, bæði vegna beitar og átroðnings. Það telur því mikilvægt að tjaldsvæði verði ekki á lækjarbökkunum.
- Bendir á að engin könnun á gróðri liggi fyrir, en slík könnun hljóti að vera forsenda þess að hægt sé að hefja uppgræðslutilraunir á svæðinu, enda ætti allur nýgróður að vera í samræmi við þann gróður sem fyrir er. Ráðið leggur áherslu á að uppgræðsla komi fyrst til greina þegar gróðurfarskönnun af svæðinu liggur fyrir. Skýrslan uppfylli ekki skilyrði laga um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar gróður og dýralíf, þar sem nauðsynlega umfjöllun um þau mál vanti.
- Leggur áherslu á samráð um stærð og gerð rafstöðvar, sem verði að vera eins hljóðlát og mögulegt er.
- Gerir ekki athugasemd við staðsetningu olúgeymis, en leggur áherslu á að eingöngu verði um neyðarsölu á bensíni að ræða.
- Telur að rannsaka verði grunnvatn, grunnvatnsstreymi, jarðhita og náttúrulegar breytingar á jarðhitasvæðinu, áður en hafnar eru rannsóknir með hugsanlega nýtingu svæðisins í huga. Það tryggi að nýting grunnvatns, eða staðsetning borholu, hafi ekki neikvæð áhrif á vatnsbúskap svæðisins. Sýni rannsóknir að ekki megi nýta svæðið án þess að skaða það verði vatns og hita aflað eftir öðrum leiðum.
- Telur sameiginlega hitaveitu með varmaskipti til bóta, en telur að ekki sé hægt að afmarka ákveðið svæði á deiliskipulagi fyrir nýtingu hverahita fyrir en svæðið hafi verið rannsakað.
- Telur ekki ástæðu til þess að nota áfram gömlu laugina við eldri skála Ferðafélags Íslands, þar sem gert sé ráð fyrir heitri laug við fyrirhugaða þjónustumiðstöð.
- Gerir ekki athugasemdir við fráveitukerfið.
- Telur nauðsynlegt að velja efnistökuastaði í samráði við hlutaðeigandi aðila áður en framkvæmdir hefjast. Kanna þurfi hvaða efnistökuastaðir koma til greina, hve mikil efnisþörfin er og hvaða áhrif efnistaka hafi á umhverfið.

*„Náttúruverndarráð setur eftirfarandi skilyrði fyrir framkvæmdum:*

1. *Gerð verði úttekt á gróðurfari og dýralífi á svæðinu.*



2. Gerð verði ítarleg rannsóknaráætlun um þær rannsóknir sem gera þarf á svæðinu og þær rannsóknir hafnar sem allra fyrst.
3. Engar framkvæmdir verði hafnar fyrr en niðurstöður rannsókna liggja fyrir og sýni að framkvæmdirnar skaði ekki hverasvæðið eða gróðurlendi.
4. Vélknúin ökutæki verði ekki notuð við uppsetningu rafmagnsgirðingar og að þess verði gætt að raska ekki hraunum á svæðinu.
5. Uppgræðslutilraunir verði ekki hafnar fyrr en gróðurfarsúttekt liggur fyrir og þá aðeins í samráði við og með leyfi Náttúruverndarráðs.
6. Gerð verði úttekt á mögulegum efnistöðum og áætlað verði hve mikið af efni þarf í framkvæmdirnar áður en til framkvæmda kemur.
7. Samráð verði haft við Náttúruverndarráð um hönnun og nákvæma staðsetningu þjónustumiðstöðvar og annarra mannvirkja.
8. Haft verði samráð [við] Náttúruverndarráð varðandi litaval á mannvirkjum innan friðlýsta svæðisins.

*Að lokum skal minnt á að hverasvæðið á Hveravöllum á Kili er friðlýst náttúruvætti, sbr. auglýsingu nr. 217/1975, og er mannvirkjagerð öll og jarðrask á svæðinu háð leyfi Náttúruverndarráðs.*

Leitað var umsagnar **Sauðfjárveikivarna** með bréfi dagsettu 29. desember 1995 en umsögn barst ekki.

Leitað var umsagnar **Veðurstofu Íslands** með bréfi dagsettu 29. desember 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 24. febrúar 1996. Þar kemur meðal annars fram að veðurstöðin á Hveravöllum, sem reist var 1965, hafi verið byggð og staðsett með fullu leyfi skipulagsstjórnar ríkisins og Náttúruverndarráðs. Þó hafi ekki verið haft samráð við Veðurstofuna við undirbúning eða samþykkt núverandi aðalskipulags Hveravalla, þó þar sé gert ráð fyrir flutningi húss Veðurstofunnar á skipulagstímabilinu. Áskilji Veðurstofan sér allan rétt í þessu sambandi enda veðurstöðin reist á þeim stað sem hún nú stendur á með fullu og óskilyrtu leyfi viðkomandi yfirvalda. Mikilvægi stöðvarinnar fari vaxandi þar sem nú sé verið að setja þar upp fullkomna jarðskjálftamælistöð.

Fram kemur að veðurstöðin er hituð upp með hitaveitu, í lokuðu kerfi. Hún fái hita frá hver á efri hverabungunni, sem í skýrslunni er ýmist nefndur heimilishver eða ofnhver. Heitt neysluvatn í veðurstöðinni fáist úr köldu vatni hituðu með forhitara, vegna mikils steinefnainnihalds hveravatnsins og mikilla útfellinga við kælingu. Við kælingu jarðhitavatnsins hafi stokkar og rör að sæluhúsi oft nær fyllst af útfellingum. Útfellingar séu einnig verulegar á forhiturum. Því verði að vera auðvelt að ná þeim upp vegna viðhalds. Fyrsti forhitari úr koparrörum hafi tærst upp og orðið hriplekur á um það bil mánuði. Síðan hafi verið notaðir pottofnar, einkum spítalaofnar.

Í umsögninni eru tíundaðar breytingar sem átt hafa sér stað á hverasvæðinu síðan 1965. Hverir hafi ýmist horfið eða færst til. Þetta hefur meðal annars orðið til þess að breyta hafi þurft áætlunum hvað varðar notkun á hverum til hitaveitu, m.a. fyrir sæluhús og laug Ferðafélags Íslands. Einnig hafi þurft að hætta snjódyptarmælingum við tvær mælistengur sem eru með 2 m millibili vegna aukinnar virkni og hækkaðs hita í kringum sprungu.

Allt er þetta nefnt til að hvetja til varkárni við áætlanagerð og undirstrika þörf fyrir rannsóknir og athuganir á svæðinu.

Neysluvatn er tekið úr steypum vatnsbrunni Veðurstofunnar og er vatnið blanda af grunnvatni og hveravatni. Vatnið er neysluhæft, volgt og ekki gott og mun engan veginn nægja fyrir ráðgerða ferðamannamiðstöð til viðbótar við núverandi notkun. Vatnið er leitt í stokkum þar sem ekki var unnt að grafa leiðslur djúpt í jörðu vegna kísilskánar sem er undir jarðvegi á leið til veðurstöðvarinnar.

Þunglega líst fulltrúa Veðurstofunnar á þriggja km langa 4-5 strengja rafmagnsgirðingu umhverfis svæðið, sem setja þurfi upp á hverju vori og taka niður að hausti. Einfaldara sé að fá sauðfjárnörðinn og aðra staðarmenn til að stugga fé frá hverasvæðinu og minnka þannig ágang til mikilla muna. Verði girðing sett upp sé nauðsynlegt að setja á hana margar prílur, meðal annars við veðurstöðina.

Spurt er hvort ekki sé hægt að friða efsta hluta Kjalsvæðis sunnan sauðfjargirðingar norðan við Hveravelli fyrir ágangi sauðfjár. Að sunnan myndi Hvítárvatn, Hvítá og Jökulfallið náttúruleg mörk, en einnig megi benda á að einungis þyrfti tæplega 4 km langa girðingu milli Fúlukvíslar og Jökulfalls við Sigvaldakrök til að friða efst hluta Kjalsvæðisins.

Athygli er vakin á því að við núverandi aðstæður er torvelt að framfylgja tillögum í matsskýrslu hvað varðar meðhöndlun og flokkun húsasorps. Oft sé ófært að vetrarlagi og með öllu ófært að vorinu og snemma sumars vegna aurbleytu og öll umferð bönnuð. Frá litlum heimilum eins og veðurstöðinni sé væntanlega vænlegra að brenna húsasorp og urða. Miklar frosthörkur geti orðið á Hveravöllum og fari frost þá djúpt í jörðu, einkanlega í þurrum sand- og malarjarðvegi og þegar snjólétt er. Þetta þurfi að hafa mjög ríkt í huga við ráðagerðir um vatnsveitu og fráveitukerfi.

Leitað var umsagnar **Þjóðminjasafns Íslands** með bréfi dagsettu 29. desember 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 12. febrúar 1996. Þar segir:

*„Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki frekari athugasemdir við deiliskipulag og fyrirhugaðar framkvæmdir á Hveravöllum.“*

Í bréfi safnsins til verkfræðistofunnar Fjölhönnunar, dags. 27. nóvember 1995 (fylgiskjal í frummatsskýrslu) segir að ekki verði séð að áætlaðir timburstígar stefni mannvistarleifum á Hveravöllum í hættu.

Umsagnirnar voru allar sendar **sveitarstjóra Svínavatnshrepps** til umsagnar. Allar umsagnir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til kærufrestur er liðinn.

### 3. ATHUGASEMDIR

Á kynningartíma bárust 8 athugasemdir.

**Ferðafélag Íslands** sendi frá sér ályktun varðandi skipulagsmál á Hveravöllum sem samþykkt var á félagsfundi þess, miðvikudagskvöldið 24. janúar, með bréfi dagsettu 25. janúar 1996. Fundurinn:

- Véfengir eignar- og yfirráðarétt Svínavatnshrepps yfir Hveravöllum.
- Átelur þá aðferð, sem höfð var við undirbúning og gerð aðalskipulags hreppsins.

- Mótmælir hugmyndum um viðamikla og varasama mannvirkjagerð og beinir þeim tilmælum til yfirvalda skipulags- og byggingarmála að núverandi áætlanir um skipulag Hveravallasvæðisins, hljóti ekki endanlega umfjöllun fyrr en lokið hafi verið við heildarskipulag alls hálendisins.
- Skorar á yfirvöld skipulags- og byggingarmála að sjá til þess, að við skipulagningu Hveravallasvæðisins verði tekið tillit til umhverfisverndar og þjónustu við ferðamenn með þeim hætti sem Ferðafélag Íslands hefur ástundað og að þjónustuaðstaða félagsins á Hveravöllum fái að standa óskert á komandi árum.

**Fornleifastofnun Íslands** sendi athugasemd með bréfi dagsettu 14. febrúar 1996. Þar kemur meðal annars fram að í framlagðri tillögu um deiliskipulag Hveravalla, sé ekki fjallað um varðveislu fornleifa eða annarra menningarminja og ljóst að fornleifar hafi ekki verið skráðar við undirbúning skipulagstillagna eins og skylt sé samkvæmt þjóðminjalögum nr. 88/1989, með síðari breytingum. Þó engar friðlýstar fornleifar sé að finna á deiliskipulagsreitnum, þá sé vitað um allmargar fornleifar innan hans og í næsta nágrenni, sem ástæða sé til að taka tillit til við skipulagsgerð. Þær hafi ekki verið skráðar á vettvangi og því ekki vitað um nákvæma staðsetningu þeirra eða ástand. Því sé ekki hægt að meta á viðunandi hátt hvort einstökum fornleifum stafi hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum auk þess sem fornleifar geti komið í ljós við framkvæmdir, sem leitt geti til tafa og óvænts kostnaðar. Þá sé á Hveravöllum að finna allmerkar minjar sem tengist samgöngum yfir hálendið frá elstu tíð sem og leifar eftir byggð útilegumanna. Þessar minjar hafi aðdráttarafl fyrir ferðamenn og auki gildi svæðisins sem áningarstaðar. Því er sveitarstjórn Svínvatnshrepps hvött til þess að láta skrá fornleifar á Hveravöllum áður en skipulagstillagan verður samþykkt.

**Hjörleifur Guttormsson** sendi athugasemd með bréfi dagsettu 15. febrúar 1996. Þar kemur meðal annars fram að Hjörleifur telur réttarstöðu Svínvatnshrepps óljósa, hvað varðar skipulagsvald á Hveravallasvæði, að Svínvatnshreppur eigi ekki umrætt land og sé því ekki réttur aðili til að veita leyfi til framkvæmda. Þörf sé á skipulagi fyrir Hveravelli og nágrenni vegna umferðar og til að tryggja vernd og viðgang náttúrunnar. Sjónarmið og hugmyndir sem fengur er að séu birtar í fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi, þar sem höfundar hafi lagt sig fram. Tillagan sé hins vegar ekki æskilegur grunnur til að byggja á framtíðarskipulag vegna Hveravalla sem ferðamannastaðar, samanber eftirfarandi:

*„a)Staðsetja ætti nýja ferðamannamiðstöð og önnur framtíðar þjónustumannvirki vegna Hveravalla langtum fjær hverasvæðinu en deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir með það að markmiði að draga úr álagi á viðkvæmar náttúruminjar vegna heimsóknna og dvalar ferðamanna. Hvarvetna þar sem markmiðið er að vernda viðkvæmdar náttúrumyndarnir en veita þó almennings aðgang að þeim til skoðunar er lykilatríði að setja ekki dvalaraðstöðu eða þjónustu niður í næsta nágrenni þeirra náttúrumyndana sem mest aðdráttarafl hafa, þannig að af þeim sökum aukist ekki álag af umferð sem óhjákvæmilega fylgir eftirsóttri þjónustu og gístiaðstöðu. Haga ætti skipulagi Hveravallasvæðisins þannig að sem flestir fari þar að jafnaði aðeins einu sinni um í sömu heimsókn og þá að sjálfsögðu eftir mörkuðum leiðum. Þótt í tillögunni komi vissulega fram hugmyndir um aðgerðir til mótvægis og úrbóta á núverandi ástandi er hin nýja ferðamannamiðstöð skv. tillögunni aðeins steinsnar frá hverasvæðinu.*

*Með vaxandi ferðamannastraumi um Kjalveg mun fyrr en seinna stefna í óefni á Hveravöllum, þótt farið yrði að þessari skipulagstillögu.*

- b) *Ferðamannamiðstöð vegna Hveravalla ætti að setja niður sem næst Kjalvegi, þannig að hún þjóni í senn þeim sem fara um hann milli landshluta og sem áningarstaður fyrir ferðamenn sem skoða ætla hverasvæðið. Fjarlægðin frá Kjalvegi að hverasvæðinu mun vera tæpir 2 km. Skammt frá vegamótunum er að finna slakka með nokkrum gróðri, þar sem hægt er að rækta upp tjaldsvæði og koma fyrir byggingum og þjónustu eftir þörfum. ...*

*Hitaveita frá hverasvæðinu getur ekki talist úrslitaatriði varðandi staðsetningu ferðamannamiðstöðvar, enda áhorfsmál hvort heimila skuli heitavatnstöku þaðan framvegis. Hugsanlegt er að með rannsóknum og borun megi afla heits vatns til upphitunar ferðamannaaðstöðu utan sjálfs hverasvæðisins án þess að raska vatnskerfi þess. Bílaumferð yrði eftir sem áður heimiluð frá ferðamannamiðstöðinni að staði skammt frá hverasvæðinu og þar tækju við göngustígar um svæðið. Með slíkri tilhögun kæmu fæstir oftast en einu sinni inn á hið friðlýsta svæði og þannig létti á álaginu. Eftirlit yrði um leið til muna auðveldara en með þeirri tilhögun sem deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir. Flestar byggingar sem nú eru við hverasvæðið ættu að hverfa innan tíðar, enda börn síns tíma og falla engan veginn að því svipmóti sem hæfir náttúru Hveravalla.“*

**Ingimundur Gíslason** sendi athugasemd með bréfi dagsettu 27. janúar 1996. Hann ber bríður á eignarhald Svínavatnshrepps á Hveravöllum og telur óhæfuverk að ryðja Ferðafélagi Íslands af svæðinu. Málið endurspeglir togstreitu á milli landlausra þéttbýlisbúa á Íslandi og landeiganda í dreifbýli um notkunarrétt á óbyggðu landi. Rétt sé að fresta deiliskipulagi þar til almenn sátt og reglur eru orðin um skipulag hálendis Íslands.

**Íslenski Alpaklúbburinn** sendi athugasemd með bréfi dagsettu 11. febrúar 1996. Þar harmar klúbburinn þá skammsýni sem felst í tillögum þeim sem lagðar hafa verið fram um framtíðarskipulag Hveravalla. Ferðamenn á leið um hálendi Íslands leiti ekki að stórum þjónustumiðstöðvum heldur vilji þeir njóta óspillts útsýnis og einfaldra ferðahátta. Einnig er bent á að umsvifamikil aðstaða með þjónustu fyrir ferðamenn sé skammt frá í Kerlingarfjöllum. Íslenski Alpaklúbburinn vill að beðið verði með allar framkvæmdir á miðhálandinu þar til lokið verði við skipulag fyrir hálendi Íslands. Einnig er mótmælt harðlega áformum um framkvæmdir þegar umhverfisáhrif hafi ekki verið metin á fullnægjandi hátt. Íslenski Alpaklúbburinn vísar einnig til dóms er féll í Héraðsdómi Reykjavíkur í nóvembermánuði s.l. um eignarhald Auðkúluheiðar og annarra dóma svipaðs eðlis er fallið hafa í Hæstarétti og telur kröfur Húnavetninga um að ryðja burtu mannvirkjum Ferðafélags Íslands ekki á neinum rétti byggðar.

**Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands** sendi eftirfarandi bókun sem samþykkt var á fundi nefndarinnar sem haldinn var 15. febrúar 1996, með bréfi dagsettu 15. febrúar 1996:

*„Samvinnunefnd um svæðisskipulag Miðhálandisins vinnur nú að stefnumörkun í hinum ýmsu málaflokkum sem varða skipulagsmál á*

miðhálandinu. Þessari vinnu er ekki lokið enda ekki gert ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrr en á árinu 1997.

Stefna í útivist og ferðamálum þ.m.t. byggingu þjónustumiðstöðva fyrir ferðamenn, er meðal þeirra mála sem nefndin hefur verið að fjalla um. Ekki liggur fyrir endanleg niðurstaða úr þeirri vinnu en í drögum að stefnumörkun segir m.a. um útivist og ferðamál:

„Uppbyggingu ferðamannaádstöðu verði haldið í **lágmarki** á hálandinu. Megináhersla verði lögð á uppbyggingu þjónustu á jaðarsvæðum hálandisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum í nánd við stofnvegi hálandisins.“

Þjónustustaðir ferðamanna eru flokkaðir eftir þjónustustigi og aðgengileika í **jaðarmiðstöðvar, hálandismiðstöðvar og tvenns konar skálasvæði, A og B**. Þessi svæði eru jafnframt byggingarsvæði ferðaþjónustunnar. Á þessum svæðum eru miðstöðvar upplýsinga- og fræðslustarfs á hálandinu.

Þjónustusvæðin eru deiliskipulagsskyld á sambærilegan hátt og gildir um sumarbústaðasvæði á láglandi. Þá eru þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan byggða háðar mati á umhverfisáhrifum. Nánari skilgreining á þessum svæðum er sem hér segir:

**Jaðarmiðstöðvar** eru alhliða þjónustumiðstöðvar á jaðarsvæðum hálandisins og efst í byggð. Þar eru möguleikar á starfrækslu ferðamannaþjónustu á ársgrundvelli. Svæðin eru í góðu vegasambandi við þjóðvegi. Á jaðarmiðstöðvum er öll aðstaða fyrir ferðamenn með ströngustu kröfum á öllum sviðum, s.s. hvað varðar salernisaðstöðu og meðferð sorps.

Nokkrir þessara staða eru utan markalínu skipulagssvæðisins (Miðhálandisins).

**Hálandismiðstöðvar** eru þjónustumiðstöðvar ferðamanna í nánd við meginvegakerfi hálandisins. Starfsemi miðstöðvanna tengist alhliða ferðamennsku, þar með talin þjónusta við vetrarumferð, veiðimenn, hestamenn og skíðafólk. Staðirnir eru í góðu vegasambandi yfir sumartímann. Gisting er í ríkara mæli í húsum en á tjaldsvæðum og þjónustustig er almennt lægra en á jaðarmiðstöðvum.

**Skálasvæði A** eru svæði í góðu sambandi við landsvegakerfi, en þjónustustig jafnan lægra en á hálandismiðstöðvum. Á svæðunum eru gistiskálar sem þjóna breiðum hópi ferðamanna, þar á meðal göngufólki og hestamönnum, en mörg þessara húsa eru jafnframt gangnamannahús.

**Skálasvæði B** eru svæði í takmörkuðu eða engu vegasambandi, þ.m.t. gönguskálar, veiðihús og gangnamannahús.

Í þeim hugmyndum, sem eru til umfjöllunar í samvinnunefndinni, er gert ráð fyrir að á Hveravöllum verði hálandismiðstöð. Mælist nefndin því til þess við hreppsnefnd Svínavatnshrepps, að hún hafi það í huga við útfærslu deiliskipulagsins.“

**Skotveiðifélag Íslands** sendi athugasemd með bréfi dagsettu 12. febrúar 1996. Þar segir meðal annars að félagið hafi fjallað um umsögn Ferðafélags Íslands um mat á umhverfisáhrifum og drög að deiliskipulagi á Hveravöllum. Lýst er yfir eindregnum stuðningi við sjónarmið Ferðafélagsins, bæði hvað varðar deiliskipulag og mat á umhverfisáhrifum, og ekki síður þau er fjalla um eignar- og yfirráðarétt

Svínavatnshrepps yfir Hveravallasvæðinu auk stjórnarsýslukæru Ferðafélagsins til ógildingar á aðalskipulagi. Stjórn Skotvís er enn fremur sammála Ferðafélagi Íslands um að markleysa sé að leggja fram deiliskipulag fyrir Hveravelli, eða miðhálandissvæðið yfirleitt, á meðan unnið er að skipulagi fyrir allt hálandið.

**Útivist** sendi ályktun fundar í kjarna Útivistar þann 7. febrúar, með bréfi mótteknu 15. febrúar 1996. Þar varar Útivist við hugmyndum um umfangsmiklar nýbyggingar á Hveravöllum og í næsta nágrenni svæðisins. Hálandi Íslands sé viðkvæmt og brýnt að fara ákaflega varlega í allri mannvirkjagerð. Vegna álags á helstu ferðamannastaði á hálandinu sé veglegra markmið að byggja upp nýja áningarstaði, bæði á láglandi og hálandi til að dreifa straumi ferðamanna sem víðast. Ósnortna náttúru landsins beri að verja sem eina mestu auðlind íslensku þjóðarinnar. Eru sveitarfélög, ríkisvald og Alþingi hvött til að taka á því hvernig standa beri að verndun óbyggða á Íslandi og koma jafnframt í veg fyrir allt óþarfa rask vegna mannvirkjagerðar.

Athugasemdirnar voru allar sendar **sveitarstjóra Svínavatnshrepps** til umsagnar. Allar athugasemdir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til kærufrestur er liðinn.

#### 4. SVÖR FRAMKVÆMDARADILA VIÐ UMSÖGNUM OG ATHUGASEMDUM

Eftirfarandi svör bárust Skipulagi ríkisins frá **Svínavatnshreppi** og þeirra ráðgjöfum, við athugasemdum og umsögnum, 22. febrúar 1996.

##### Hreppsnefnd Svínavatnshrepps:

- Tekur undir það álit hálandisnefndar að Hveravellir eigi að vera hálandismiðstöð og telur að skoðanir hreppsnefndar og hálandisnefndar fari í öllum megin atriðum saman.
- Tekur undir með Náttúruverndarráði um að ýmsum rannsóknum sé ólokið á Hveravöllum og er sammála því að þeim verði lokið sem allra fyrst. Hins vegar telur nefndin að það sé ekki hlutverk Svínavatnshrepps að standa undir þeim rannsóknum nema að hluta.
- Telur að stærð þjónustumiðstöðvar sé hæfileg, en ekkert liggja fyrir um hvort hún verði byggð öll á sama tíma. Varðandi viðbótarbyggingarreitinn þá sé einungis verið að afmarka byggingarreit til síðari tíma. Varðandi salernisaðstöðu fyrir eldri skála Ferðafélagsins þá verði lítið lengra í salerni þjónustumiðstöðvarinnar en núverandi salerni og þær snyrtingar verði opnar öllum gestum. Í deiliskipulagi sé gerð grein fyrir meðferð á olíu og bensíni<sup>2</sup>.
- Vísar athugasemdum Ingimundar Gíslasonar og Skotveiðifélags Íslands frá.

<sup>2</sup> [Innskot Sk.r. Í deiliskipulagi bls. 15 segir meðal annars um bensínsölu og geymslu fyrir olíur á Hveravöllum, að mótrök gegn bensínsölu séu mengunarhætta. Auk þess sem óæskilegt sé að setja upp þess konar þjónustu á viðkvæmum náttúruperlum hálandisins. Hins vegar hafi vetrarsala á bensíni dregið úr því að vélsleðafólk feli bensíndúka vítt og breytt um hálandið auk þess að vera öryggisatriði. Þó megi ekki koma bensínstöðvar/sjoppu stimpill á staðinn. Meta þurfi umhverfisáhrif fyrir svæðið og í framhaldi af því í tengslum við nýtt hálandisskipulag að taka afstöðu til bensínsölu á Hveravöllum].

- Vísar í álit hálendisnefndarinnar varðandi skipulag á þjónustumiðstöðvum á miðhálandinu.
- Vísar í áður komin svör við athugasemdum Íslenska Alpklúbbsins.
- Vísar til svars Fjölhönnunar hvað varðar umsögn Hollustuverndar ríkisins.
- Bendir á að verið sé að færa mannvirki fjær fornleifum á Hveravöllum. Tekið er undir að skráning fornleifa sé hið besta mál og falli hún vel inn í fornleifaskráningu vegna miðhálandisskipulags.
- Varðandi staðarval vísar hreppsnefndin í röksemdir fyrir staðsetningu þjónustumiðstöðvar í deiliskipulagi<sup>3</sup>.
- Segir að ágæt aðstaða sé fyrir ferðahesta í hesthúsum norðan Breiðmels. Þar sé einnig hægt að stækka girðingarhólf og fjölga þeim. Einnig sé nægt vatn í Hvannakvísl. Í sambandi við vörslu hverasvæðisins fyrir ágangi búfjár hafi hreppsnefndin ekki önnur ráð en að setja upp rafmagnsgirðinu, þar sem nefndin hafi hvorki möguleika á að banna upprekstur búfjár á svæðið né að halda sauðfé frá svæðinu á annan hátt.

Frá **Nýju teiknistofunni ehf.** komu svör við athugasemdum Ferðafélags Íslands og Ferðamálaráðs. Þar kemur meðal annars fram:

- Rakín eru samskipti Ferðafélags Íslands og starfsmanna Nýju teiknistofunnar við deiliskipulagsgerð á Hveravöllum.
- Hvað varðar athugasemd um aukinn fjölda mannvirkja, þá verði þrjú hús fjarlægð auk tveggja skúra austan við nýrri skálann, þannig að þeim muni fækka. Rafstöð komi í stað rafstöðvar á veðurstofuhæð.
- Í deiliskipulagi er lögð áhersla á að staðsetja nýju þjónustumiðstöðina þannig að hún falli sem best inn í landslagið og að langmestur hluti hússins og bílastæðisins verði í hvarfi frá hverabungunni. Þannig verði hún minna áberandi frá hverasvæðinu en tveir skærgulir skálar Ferðafélagsins, ásamt bílastæði.
- Hvað varðar athugasemd um að stórauka eigi rekstur, segir að uppbygging sem lögð er til á Hveravöllum miðist við að hlífa svæðinu og að áhrifamesta leiðin til þess sé að bæta aðstöðu fyrir hinn mikla straum ferðamanna á svæðið.
- Í svörum Nýju teiknistofunnar er innra skipulagi ferðamannamiðstöðvarinnar síðan lýst.

Frá **verkfræðistofunni Fjölhönnun hf.** koma svör er lúta að hitaveitu, núverandi mannvirkjum og aðbúnaði á Hveravöllum, gróðri, fyrirhuguðum rannsóknum og náttúruminjasrá.

---

<sup>3</sup> [Innskot Sk.r. Í deiliskipulagi bls. 6 segir meðal annars um röksemdir fyrir nýrri staðsetningu, að þær séu einkum að til að varðveita hálendið sem óbyggt víðerni, fari betur á því að hafa bygginguna staðsetta í lögð þar sem hún fellur inn í landslagið, auk þess sem núverandi staður sé skjólsælli en sá sem aðalskipulagið geri ráð fyrir. Hægara sé að stjórna umferð um svæðið þannig að fólk aki ekki framhjá þjónustumiðstöðinni og leggi nær hverunum. Byggt sé á jaðri friðlýsta svæðisins og öll bílastæði og umferð utan þess. Þessi staðsetning auðveldi hins vegar öldruðu og fötludu fólk umgang um hverasvæðið. Auk þess sem erfitt sé að nýta hita frá hverunum lengra í burtu.]

- Lögð fram gögn um gróðurfar ásamt bréfi Náttúrufræðistofnunar, dags. 20. febrúar 1996 þar sem segir meðal annars að það gróðurkort sem til sé af Hveravöllum sé gamalt og í of smáum kvarða til að gefa nákvæma mynd af svo smáu svæði sem hér um ræðir. Í bréfinu segir enn fremur:

*„Það sem gróðurkortid og frumteikning sem gerð var á loftljósmynd segja okkur um gróðurfar á Hveravöllum er eftirfarandi: Meðfram læknum beggja vegna gamla sæluhússins er graslendisræma, gróin að 2/3. Austan við hana meðfram læknum og aðeins upp eftir melnum, er að finna algróinn mosaríkan stinnastarmóa með litlum mýrabletti austast. Í kringum tjörnina sunnan lækjarins er af finna stinnastarar- og klóffumýri. Uppi á melöldunni sitt hvorum megin norðan við sæluhúsið er að finna viðkvæma snjóðæld þar sem grasvíðir er ríkjandi en snjómosi er eflaust áberandi í sverðinum. Melaldan er ógróin en þar eru grös á stangli og geta þau myndað mælanlega þekju á stöku stað þó ekki sé unnt að sýna það á þessu korti.“*

Í bréfi Náttúrufræðistofnunar er lagt til að gerð verði gróðurfarsúttekt á svæðinu.

- Fram kemur að leitað hafi verið til Ævars Petersen hjá Náttúrufræðistofnum til heimildaöflunar um dýralíf á Hveravöllum og að hans sögn séu mjög litlar heimildir til um dýralíf á Hveravöllum og engin samantekt um svæðið sem slíkt. Við dvöl á Hveravöllum verði ekki vart mikils dýralífs, e.t.v. sé umferð manna um staðinn nú þegar það mikil að fuglar sæki hann lítið.
- Vitnað er í Kristján Geirsson, jarðfræðing hjá Náttúruverndarráði um að ekki sé til náttúruminjaskrá fyrir Hveravelli. Nákvæmt jarðfræðikort af Hveravöllum hafi, að sögn Kristjáns Geirssonar hjá Náttúruverndaráði og Kristjáns Sæmundssonar, ekki verið gert svo að þeir viti til.
- Vísað er í frummatsskýrslu og deiliskipulagsuppdrátt varðandi fyrirkomulag fráveitu vegna athugasemda Hollustuverndar ríkisins þar að lútandi, m.a. varðandi fitugildru og staðsetningu rotþróar. Tekið er undir ábendingu Hollustuverndar um að hreinsivirki verði hannað þannig að hægt sé að stækka það með auðveldum hætti.
- Einnig er athugasemdum Ferðafélags Íslands við hitaveitu og um umfjöllun um umgengi og aðbúnað á Hveravöllum svarað.



## 5. NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR

### 5.1 NÚVERANDI ÁSTAND

Hverirnir á Hveravöllum á Kili ásamt næsta nágrenni eru friðlýst náttúruvætti samkvæmt auglýsingu nr. 217/1975.

Fram kemur í frummatsskýrslu og meðfylgjandi deiliskipulagstillögu að álag á friðlýsta svæðið sé mikið og ástand landsins að nálgast hættumörk. Vegabætur á Kjalvegi, m.a. brúun Seyðisár 1994, hafa valdið aukinni umferð um Kjöl, en vegurinn er nú fær fólksbílum á sumrin.

Samkvæmt frummatsskýrslu hafa gistinætur á Hveravöllum verið frá um 5 þúsund og upp í yfir 6 þúsund á sumri síðastliðin fimm ár og heildarfjöldi gesta yfir sumarið á milli 9 og 13 þúsund (gistinætur og daggestir í skipulögðum hópferðum). Ásókn ferðamanna á svæðið er að jafnaði mest á um 70 daga tímabili yfir sumarið, eða frá lokum júní og fram í endaðan ágúst.

Núverandi gístiaðstaða á Hveravöllum rúmar 70 manns, 30 í eldri skála Ferðafélags Íslands og 40 í þeim nýrri. Nýrri skálinn er 92 m<sup>2</sup>, en sá eldri minni. Á Hveravöllum eru fimm salerni, þar af eitt opið á vetrum. Tjaldsvæðið tekur um 200-300 manns. Hlaðin laug við eldri skála Ferðafélagsins er nýtt til baða. Göngustígar úr tímbrí hafa verið lagðir um hluta hverasvæðisins. Hiti frá hverasvæðinu er nýttur til hitunar skála Ferðafélagsins, veðurathugunarstöðvar og skúrs Sauðfjárveikivarna.

### 5.2 FYRIRHUGAÐAR FRAMKVÆMDIR OG STARFSEMI

#### 5.2.1 Fyrirhugaðar framkvæmdir

Samkvæmt frummatsskýrslu og meðfylgjandi deiliskipulagstillögu fyrir Hveravelli eru fyrirhugaðar eftirfarandi framkvæmdir á Hveravöllum, af hálfu framkvæmdaraðila:

Bygging ferðamannamiðstöðvar á jafri og rétt innan friðlýsta svæðisins ásamt nýjum aðkomuvegi, bílastæði og tjaldsvæði. Einnig er fyrirhugað að girða, leggja stíga og græða upp svæðið. Gert er ráð fyrir hitaveitu, neysluvatnsveitu og fráveitu. Einnig er fyrirhugað að reisa rafstöð og birgðageymslu fyrir bensín og olíur.

Gert er ráð fyrir að fjarlægja eftirfarandi mannvirki af svæðinu: Nýrri skála Ferðafélags Íslands ásamt salernisaðstöðu og skúrum austan skálans, skúr Sauðfjárveikivarna og núverandi aðkomuveg og bílastæði.

Þau mannvirki sem standa þá eftir af núverandi mannvirkjum á Hveravöllum eru steinhlaðið sæluhús (reist 1922), eldri skáli Ferðafélags Íslands (reistur 1938) og veðurathugunarstöð Veðurstofu Íslands (reist 1965).

Ferðafélag Íslands mótmælir hugmynd um að fjarlægja nýrri skála félagsins og bendir á að hann standi þar með leyfi Náttúruverndarráðs og án athugasemda frá Svínvatnshreppi.

Forsendur frummatsskýrslu varðandi fjölda ferðamanna eru eftirfarandi: Árið 1995 komu á Hveravelli 4.700 daggestir í skipulögðum ferðum og 8.700 daggestir á eigin vegum. Gistinætur voru skráðar 5.100. Samtals voru gestir um 18 þúsund. Meðalfjöldi á dag voru 72 næturgestir og 191 daggestur.

Frummatsskýrsla og tillaga að deiliskipulagi gera ráð fyrir að ferðamannamiðstöð verði opin allt árið, utan þess tíma á vorin þegar vegir að Hveravöllum eru lokaðir.

Í framlagðri deiliskipulagstillögu segir um fjölda ferðamanna á Hveravöllum:

*„Síðan aðalskipulagið var unnið hefur ásókn til Hveravalla aukist eins og höfundar þess spáðu. Síðasta haust (1994) var síðasta stóra vatnsfallið, Seyðisá, brúað og vegabætur Kjalvegur eru að komast á lokastig. Öruggt er að umferð yfir Kjöl og heimsóknir til Hveravalla eiga eftir að aukast enn meir á næstu árum.“*

Í frummatsskýrslu segir hinsvegar um fjölda ferðamanna á Hveravöllum:

*„Það er álit skýrsluhöfunda að ániðsla á landi og stærð svæðisins séu þeir þættir sem í raun ákveði efri mörk gestafjölda á sumrin. Æskilegt er að næstu árin verði ekki veruleg aukning í fjölda sumargesta, a.m.k. ekki fyrr en ljóst er að aðgerðir þær sem að framan er lýst hlífi svæðinu það mikið að aukning gestafjölda hafi ekki skaðleg áhrif, að áliti hreppsnefndar og Náttúruverndarráðs. Þetta á jafnt við um kynningu á staðnum, fjölgun gistinátta á tjaldstæði og framtíðaráform um stækkun ferðamannamiðstöðvar. (Innskot Sk.r. Þær aðgerðir sem vísað er til eru staðsetning ferðamannamiðstöðvarinnar, viðbætur við göngustíga, girðing og útfærsla á gróðurlínu við lækjarbakka.) Af þessum ástæðum verður ekki gerð spá um gestafjölda á næstu árum en lögð áhersla á nauðsyn þess að umsjónaraðilar meti á hverju ári sameiginlega ástand svæðisins og heppilega þróun í fjölda gesta.“*

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá Ferðafélagi Íslands hafi fjöldi gistinátta 1995 verið 5.677 og daggestir í skipulögðum ferðum hafi verið 5.675. Miðað við þessar tölur og áætlaðan fjölda daggesta á eigin vegum (8.700) hafi heildarfjöldi gesta verið 20.052 árið 1995, eða um 2 þúsund fleiri en frummatsskýrsla geri ráð fyrir.

### 5.2.2 Ferðamannamiðstöð

Samkvæmt frummatsskýrslu og meðfylgjandi deiliskipulagstillögu er fyrirhugað að reisa 600-900 m<sup>2</sup> ferðamannamiðstöð á jaðri friðlýsta svæðisins. Einnig er í deiliskipulagstillögu gert ráð fyrir 1.500 m<sup>2</sup> byggingarreit til síðari stækkunar ferðamannamiðstöðvarinnar.

Í ferðamannamiðstöðinni er gert ráð fyrir móttöku með veitingasölu og möguleika á sölu á íslenskum handiðnaði, gistirými fyrir 70-80 manns í svefnskála og tveggja manna herbergjum, eldhúsi, hreinlætisaðstöðu, geymslum, aðstöðu fyrir hestamenn og vélsleða á vetrum, þjónustu við tjaldsvæði, íbúðum fyrir 5-6 starfsmenn og heitri útilaug.

Í umsögn Hollustuverndar er bent á að óeðlilegt sé að gera ekki ráð fyrir vaxandi fjölda ferðamanna og að það orki tvímælis að byggja þjónustumiðstöð með 70-80 rúma gistirými og matsölu á stað sem ekki þoli aukið álag. Hollustuvernd bendir einnig á að þar sem gert sé ráð fyrir að eldri skáli Ferðafélagsins standi áfram, megi gera ráð fyrir að gistirými á Hveravöllum verði samtals 110-120 rúm.

Náttúruverndarráð gerir athugasemd við byggingarreit fyrir stækkun ferðamannamiðstöðvar og telur að ekki eigi að gera ráð fyrir stækkun fyrr en þol svæðisins er þekkt og umhverfisáhrif stækkunarinnar hafa verið könnuð.

### 5.2.3 Aðkoma og bílastæði

Tillagan gerir ráð fyrir nýrri aðkomu að ferðamannamiðstöðinni og nýju bílastæði sem rúmi 76 fólksbíla, 10 hjólhýsi eða tjaldvagna og 6 hópferðabíla. Ekki kemur fram hvernig frágangi eða efnistöku við gerð vegar og bílastæðis verði háttað. Gert er ráð fyrir að núverandi aðkomuvegur og bílastæði verði fjarlægð.

### 5.2.4 Efnistaka

Engar upplýsingar koma fram í frummatsskýrslu eða tillögu að deiliskipulagi um hve mikil efnispörf til framkvæmdanna er. Um efnistökuverndar segir í frummatsskýrslu að þeir verði valdir þegar framkvæmdir hefjast.

Náttúruverndarráð setur það skilyrði að kannað verði hvaða efnistökuverndir komi til greina, hve mikil efnispörfin er og hvaða áhrif efnistaka muni hafa á umhverfið.

### 5.2.5 Tjaldsvæði

Tillagan gerir ráð fyrir nýju tjaldsvæði, á jaðri og innan friðlýsta svæðisins. Þar verða m.a. 26 stæði fyrir hjólhýsi og tjaldvagna og 5 stæði fyrir eldhúsbíla. Gert er ráð fyrir að svæðið verði grætt upp, áður en það verður nýtt sem tjaldsvæði.

Náttúruverndarráð telur mikilvægt að færa tjaldsvæðið af lækjarbökkunum þar sem framvinda gróður hafi verið lítil þar vegna beitar og átroðnings.

### 5.2.6 Göngustígar

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að nýir malar- og timburstígar verði lagðir um friðlýsta svæðið.

Náttúruverndarráð er fylgjandi tillögu að stíg að Eyvindarhver, en fer fram á að lega annarra fyrirhugaðra stíga verði skoðuð nánar.

### 5.2.7 Birgðageymsla fyrir bensín og olíur

Í tillögu að deiliskipulagi kemur fram að meta þurfi umhverfisáhrif framkvæmda á Hveravöllum og í framhaldi af því, og í tengslum við nýtt svæðisskipulag miðhálandisins, verði tekin afstaða til þess hvort bensínsala skuli vera á Hveravöllum.

Í frummatsskýrslu er því haldið fram að æskilegt sé að hafa vetrarsölu á bensíni og olíum á Hveravöllum, þar sem það muni draga úr því að vélsleðamenn komi fyrir birgðum á hálandinu.

Náttúruverndarráð leggur áherslu á að eingöngu verði um neyðarsölu á bensíni og olíum að ræða á Hveravöllum. Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að krafist verði ítrasta búnaðar varðandi bensín- og olíuafgreiðslu, í samræmi við reglugerðarákvæði þar um.

### 5.2.8 Rafstöð

Í tillögu að deiliskipulagi er gert ráð fyrir að reist verði rafstöð. Fram kemur að ganga þurfi frá henni þannig að ekki verði hljóðmengun og æskilegt sé að veðurathugunarstöðin og ferðamannamiðstöðin sameinist um eina rafstöð. Í frummatsskýrslu kemur fram að hávaði frá rafstöðinni í svefnálmu ferðamannamiðstöðvar, á tjaldsvæði og á hverasvæðinu verði innan við 35-45 dB(A).

Ferðafélag Íslands bendir á hættu á hljóðmengun frá rafstöð. Náttúruverndarráð leggur áherslu á að rafstöðin verði eins hljóðlát og kostur er og að haft verði samráð

við Náttúruverndarráð um stærð og gerð rafstöðvarinnar. Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að gerðar verði ítrustu kröfur um varnir gegn hávaðamengun.

### **5.2.9 Laug**

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að baðaðstaða við gömlu laugina verði bætt, en jafnframt verði komið upp heitri laug við ferðamannamiðstöðina.

Náttúruverndarráð telur ekki ástæðu til að gera ráð fyrir að nýta gömlu laugina áfram til baða, þar sem fyrirhugað sé að koma upp heitri útilaug við ferðamannamiðstöðina.

### **5.2.10 Fráveita**

Í tillögu að deiliskipulagi er því haldið fram að rotþrær á Hveravöllum hafi reynst illa. Þær séu líklega of litlar, auk þess sem kuldi í jörð hamli rotnun. Byggja þurfi nýja rotþró þar sem auðvelt sé að koma við haugsugu.

Í frummatsskýrslu er gerð nokkur grein fyrir þeirri fráveitu sem fyrirhuguð er frá ferðamannamiðstöðinni.

Hollustuvernd ríkisins gerir athugasemdir við fyrirhugaða fráveitu. Stærð rotþróar sé miðuð við núverandi þörf og ef um hótélstarfsemi verði að ræða á Hveravöllum sé stærðin í lágmarki. Rask vegna rotþróar og siturlagna verði umtalsvert og gera þurfi grein fyrir því og hvað það muni hafa í för með sér. Ekki sé sýnt rými fyrir hreinsivirki frá fráveitu á uppdráttum. Gera þurfi úttekt á vatnsbúskap svæðisins vegna vatnstöku og vatnsmengunar og tilgreina rými fyrir hreinsivirki sem sé hannað þannig að hægt sé að stækka það með auðveldum hætti.

Í svörum verkfræðistofunnar Fjölhönnunar við athugasemdum Hollustuverndar kemur m.a. fram að staðsetning rotþróar sé sýnd á deiliskipulagsuppdrætti. Siturlagnir frá rotþró verði lagðar vestan þróarinnar. Þróin og siturlagnirnar verði á svæði sem græða eigi upp og rask vegna rotþróar og siturlagna verði grætt upp samhliða því. Tekið er undir að hreinsivirki þurfi að hanna þannig að hægt sé að stækka það auðveldlega.

Í umsögn Veðurstofu Íslands er minnt á að frosthörkur geti orðið miklar og langvarandi á Hveravöllum og frost fari oft djúpt í jörðu. Það þurfi að hafa í huga við gerð fráveitu á staðnum.

### **5.2.11 Sorpförgun**

Í frummatsskýrslu er gert ráð fyrir að sorp verði flokkað í gáma og ekið til sorpmóttökustöðvar í byggð.

Hollustuvernd ríkisins telur æskilegt að nákvæmari upplýsingar komi fram um meðferð sorps og flokkun þess.

Veðurstofa Íslands vekur athygli á að torvelt sé að hafa þann hátt á sorpförgun sem frummatsskýrsla geri ráð fyrir. Oft sé ófært á Hveravelli að vetrarlagi og með öllu ófært þangað að vorinu og snemmsumars. Þess vegna sé eðlilegra að gera ráð fyrir brennslu eða urðun sorps á staðnum.

### **5.2.12 Girðing**

Í deiliskipulagstillögu er gert ráð fyrir að sett verði upp um 3 km löng rafmagnsgirðing umhverfis hverasvæðið, ferðamannamiðstöðina og næsta nágrenni. Með henni verði hægt að halda frá fé, sem valdi spjöllum á hverasvæðinu. Ennfremur kemur fram í deiliskipulagstillögu að þetta sé vandasamt verk og verði ekki lagt í það nema að vel athuguðu máli.

Í frummatsskýrslu kemur fram að nú gangi um 100 ær og lömb um svæðið. Gert er ráð fyrir að girðing verði tekin niður að vetrinum. Þar sem göngustígar liggja út fyrir girðinguna verði komið fyrir sjálflokandi hliðum og rimlahliði á aðkomuveginum. Fram kemur að hefðbundin net- eða gaddavírsgirðing hafi ekki þótt heppilegur kostur, þar sem hún yrði meira áberandi og erfiðari í viðhaldi. Að öðru leyti er ekki lagt mat á þörf fyrir girðingu, hvort annað girðingarstæði sé heppilegra eða einhverjar aðrar aðgerðir.

Náttúruverndarráð tekur undir að nauðsynlegt sé að girða svæðið, en setur skilyrði um tilhögun framkvæmda.

Hollustuvernd ríkisins bendir á að girðing sé óheppileg þar sem mikil umferð sé um svæðið. Heppilegra sé að friða svæðið fyrir beit, eða að sauðfjárveikivarnavörður haldi fé frá Hveravallasvæðinu. Í sama streng tekur Landgræðsla ríkisins.

Veðurstofa Íslands gerir einnig athugasemdir við fyrirhugaða girðingu. Hún verði löng og á hana muni þurfa mörg hlið eða þrílur. Einfaldara sé að stugga fé burt af svæðinu. Ennfremur segir í umsögn Veðurstofunnar:

*„Af umhverfisástæðum og vegna minnkandi upprekstrarþarfar sauðfjárbenda er freistandi að varpa fram þeirri spurningu hvort ekki sé nú unnt að friða efsta hluta Kjalsvæðisins, sunnan sauðfjárvarnagirðingarinnar norðan við Hveravelli, fyrir ágangi sauðfjár. Að sunnan mynda Hvítárvatn, Hvítá og Jökulfallið náttúruleg mörk, en einnig má benda á að einungis þyrfti tæplega 4 km langa girðingu milli Fúlukvíslar og Jökulfalls við Sigvaldakrók til að friða efsta hluta Kjalsvæðisins. Væri það einungis einum km lengri girðing en ráðgerð girðing umhverfis Hveravelli.“*

Í svörum Svínavatnshrepps við umsögnum og athugasemdum kemur fram að hreppsnefndin hafi ekki önnur ráð varðandi ágang búfjár á svæðinu en að setja upp rafmagnsgirðingu. Hún hafi hvorki möguleika á að banna upprekstur búfjár á svæðið né halda sauðfé frá svæðinu á annan hátt.

### 5.2.13 Umferð hestamanna

Landgræðsla ríkisins gerir athugasemd við að ekki er gert ráð fyrir umferð hestamanna. Búast megi við að þeir sækji í að skoða hverasvæðið eins og aðrir. Því þurfi að gera ráð fyrir afgirtu hólfi á gróðurlausum mel ásamt drykkjarvatni og aðstöðu fyrir heysölu, þar sem hægt sé að geyma hesta næturlangt.

Sveitarstjórn Svínavatnshrepps bendir á að ágæt aðstaða sé fyrir ferðahesta í hesthúsum norðan Breiðmels. Þar sé hægt að stækka girðingarhólf og fjölga þeim. Einnig sé nægt vatn í Hvannavallakvísl.

## 5.3 AÐRIR KOSTIR

Fyrirhuguð staðsetning ferðamannamiðstöðvar og aðkomuvegar að henni, eins og hún er kynnt í frummatsskýrslu og framlagðri deiliskipulagstillögu, er breytt frá því sem gert er ráð fyrir í staðfestu Aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012. Í deiliskipulagstillögu eru færð eftirfarandi rök fyrir nýrri staðsetningu:

*„1. Til að varðveita hálendið sem óbyggt víðerni fer betur á því að hafa bygginguna staðsetta í lægð þar sem hún fellur inn í landslagið, auk þess*

- mun sá staður vera töluvert skjólsælli en sá sem aðalskipulagið gerir ráð fyrir.*
- 2. Hægara er að stjórna umferð um svæðið frá þessum stað og auðveldara að stjórna því að fólk aki ekki framhjá þjónustumiðstöðinni og leggi nær hverunum.*
  - 3. Byggt er á jaðri friðlýsta svæðisins og öll bílastæði og umferð er utan þess.*
  - 4. Öldruðu fólki og þeim sem ekki hafa fulla hreyfigetu er auðveldað að njóta hverasvæðisins.*
  - 5. Síðast en ekki síst er nýting á affallsvatni frá hverunum til hitunar húsa, illfrankvæmanleg fjær þeim, en hún er forsenda þess að hægt sé að byggja upp þjónustu á svæðinu.“*

Í deiliskipulagstillögu eru nefndir tveir aðrir staðarvalskostir, en ekki er lagt mat á umhverfisáhrif þeirra í frummatsskýrslu.

Hollustuvernd ríkisins bendir á að þar sem Hveravellir séu í þjóðleið sé ekki auðvelt að takmarka umferð um svæðið. Hinsvegar verði að takmarka fjölda gesta þar að sumarlagi ef vernda eigi sérstæða náttúru Hveravalla. Hollustuvernd leggur til að þjónusta við ferðamenn verði staðsett fjær friðlýsta svæðinu en fyrirbyggjandi tillaga gerir ráð fyrir. Þá leiti sú umferð sem einungis á leið um þjóðleiðina síður inn á friðlýsta svæðið. Hollustuvernd fer fram á að umhverfisáhrif þessa kosts séu metin.

Í sama streng tekur Hjörleifur Guttormsson í athugasemd við frummat og segir m.a.:

*„Haga ætti skipulagi Hveravallasvæðisins þannig að sem flestir fari þar að jafnaði aðeins einu sinni um í sömu heimsókn og þá að sjálfsögðu eftir mörkuðum leiðum. Þótt í tillögunni komi vissulega fram hugmyndir um aðgerðir til mótvægis og úrbóta á núverandi ástandi er hin nýja ferðamannamiðstöð skv. tillögunni aðeins steinsnar frá hverasvæðinu. Með vaxandi ferðamannastraumi um Kjalveg mun fyrr en seinna stefna í óefni á Hveravöllum, þótt farið yrði að þessari skipulagstillögu.“*

Hjörleifur Guttormsson leggur til að ferðamannamiðstöðin verði staðsett sem næst Kjalvegi, sem sé í tæplega tveggja km fjarlægð frá hverasvæðinu, svo hún geti þjónað umferð um Kjalveg og þeim sem skoða vilja hverasvæðið. Hann bendir á slakka með nokkrum gróðri skammt frá vegamótunum þar sem rækta megi upp tjaldsvæði og koma fyrir byggingum.

Hollustuvernd ríkisins bendir á að upplýsingar vanti í frummatsskýrslu um fjarlægðir milli ferðaþjónustumiðstöðva og hvaða þjónusta sé í boði annarsstaðar við þjóðleiðina. Íslenski Alpaklúbburinn bendir á að umsvifamikil þjónusta við ferðamenn sé í Kerlingafjöllum.

Í nokkrum umsagna og athugasemda er einnig minnt á sérstöðu Hveravalla og að umfangsmikil mannvirkjagerð og þjónusta á svæðinu spilli ásýnd þess í huga ferðamannsins sem sé í leit að óspilltri náttúru og einföldum ferðaháttum. Náttúruverndarráð undirstrikar að ekki verði raflýsing á bílastæði og við þjónustumiðstöðina og að samráð verði haft við Náttúruverndarráð um litaval á mannvirki. Ráðið ítrekar ennfremur þá stefnu sína að á Hveravöllum verði einungis veitt lágmarksþjónusta. Sama kemur fram í umsögn Ferðamálaráðs.

## 5.4 UMFERÐ UM KJALVEG

Umferðartalning Vegagerðarinnar á Kjalvegi frá 13. júlí til 27. ágúst 1990 sýndi að um veginn fóru að meðaltali 64 bílar á dag. Árið 1995 var meðalsumardagsumferð um Kjalveg hinsvegar komin í 104 bíla á dag, en haustið 1994 var síðasta óbrúaða vatnsfallið á Kjalvegi, Seyðisá, brúað og telst Kjalvegur nú fær fólksbílum yfir sumarið.

## 5.5 ÁHRIF Á HVERASVÆÐIÐ

Hverirnir á Hveravöllum ásamt næsta nágrenni eru friðlýst náttúruvætti. Um svæðið gilda m.a. þær reglur að bannað er að raska útliti hveranna, brjóta úr skálum þeirra og henda í þá grjóti eða öðru og öll mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi Náttúruverndarráðs.

Í tillögu að deiliskipulagi kemur fram að nýting á affallsvatni frá hverunum til húshitunar sé forsenda þess að hægt sé að byggja upp þjónustu á svæðinu, en færsla ferðamannamiðstöðvarinnar nær friðaða svæðinu (frá núgildandi aðalskipulagi) er rökstudd m.a. með vísun til þess.

Hjörleifur Guttormsson leggur til að ferðamannamiðstöðinni verði valinn staður við Kjalveg og segir m.a. því til stuðnings:

*„Hitaveita frá hverasvæðinu getur ekki talist úrslitaatriði varðandi staðsetningu ferðamannamiðstöðvar, enda áhorfsmál hvort heimila skuli heitavatnstöku þaðan framvegis. Hugsanlegt er að með rannsóknum og borun megi afla heits vatns til upphitunar ferðamannaðstöðu utan sjálfs hverasvæðisins án þess að raska vatnskerfi þess.“*

Fram kemur í tillögu að deiliskipulagi að erfitt hafi verið að virkja hverina til upphitunar húsa sökum þess að hverasvæðið breytist stöðugt. Í sama streng taka landverðir í skýrslu sinni (fylgiskjal í frummatsskýrslu) og Veðurstofa Íslands í umsögn sinni.

Ennfremur segir í deiliskipulagstillögu að engar jarðhita- og hverarannsóknir hafi farið fram á Hveravöllum, en það sé undirstaða þess að hægt sé að taka ákvörðun um framtíðarhitaveitu á svæðinu.

Í frummatsskýrslu er afmarkað svæði norðvestan eldri skála Ferðafélags Íslands ætlað til nýtingar hverahita. Gert er ráð fyrir einni sameiginlegri hitaveitu fyrir öll hús á svæðinu sem fá orku frá hver í graslendinu þar.

Í frummatsskýrslu er lögð fram tillaga Orkustofnunar að jarðhita- og hverarannsóknunum á Hveravöllum. Þar er lagt til að hverasvæðið verði kortlagt og allir jarðhitablettir sem tilheyri hitasvæðinu merktir á kort. Síðan verði hverirnir mældir, bæði hitastig og rennsli.

Ferðafélag Íslands og Náttúruverndarráð fara fram á að gerð verði ítarleg rannsókn á jarðhitasvæðinu og náttúrulegum breytingum á því. Niðurstöður hennar verði síðan að liggja fyrir áður en rannsóknir eru hafnar á hugsanlegri nýtingu svæðisins. Ennfremur er bent á að ekki séu forsendur til að afmarka svæði á deiliskipulagi fyrir nýtingu hverahita, eins og gert er í tillögunni, fyrir en fram hafa farið alhliða rannsóknir á svæðinu.

## 5.6 ÁHRIF Á GRUNNVATN

Í tillögu að deiliskipulagi er lagt til að öflun neysluvatns verði með þeim hætti að byggður verði safntankur í kjallara hússins og vatn flutt þangað með tankbíl. Er sú niðurstaða byggð á því að skortur sé á ferskvatni á Hveravöllum. Næsta vatnsból sé í Seyðisárdrögum, í um 5 km fjarlægð frá Hveravöllum og erfitt sé að leggja leiðslu í jörð um langan og grýttan veg, auk þess sem frost fari vart úr jörðu árið um kring.

Í frummatsskýrslu kemur fram að nú fáist kalt neysluvatn á Hveravöllum úr lindum úr dragi norðan hverabungunnar. Vatnið er volgt og rennsli breytilegt.

Í umsögn Veðurstofu Íslands kemur fram að kalt neysluvatn fái veðurathugunarstöðin úr steypum brunni. Það sé blanda grunnvatns og hveravatns, sé neysluhæft en ekki gott og á því umtalsverð velgja. Fram kemur að þetta vatn nægi ekki ferðamannamiðstöðinni til viðbótar við notkun veðurathugunarstöðvarinnar. Ennfremur bendir Veðurstofa Íslands á að miklar og langvarandi frosthörkur á Hveravöllum þurfi að hafa í huga við vatnsveituáform þar.

Í frummatsskýrslu er lagt til að rannsakaðar verði grunnvatnsaðstæður með það í huga að afla neysluvatns með brunni eða grunnri borholu utan friðlýsta svæðisins. Þá er bent á þann kost að aka vatni úr Hvannavallakvísl og halda áfram núverandi notkun.

Hollustuvernd ríkisins bendir á að ekki liggi fyrir rannsóknir á vatnsbúskap svæðisins og að ekki sé unnt að meta áhrif vatnstöku og vatnsmengunar fyrr en slíkum rannsóknum sé lokið. Nauðsynlegt sé að kanna vatnsbúskap svæðisins vegna vatnstöku og fráveitu.

Náttúruverndarráð fer fram á að gerðar verði ítarlegar rannsóknir á grunnvatni og grunnvatnsstreymi og ákvörðun um staðsetningu borholu byggð á niðurstöðum þeirra. Tryggt verði að nýting grunnvatns hafi ekki áhrif á vatnsbúskap svæðisins.

## 5.7 ÁHRIF Á GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF

Í frummatsskýrslu kemur fram að umferð ferðamanna er vaxandi á Hveravöllum og að hverabungur og lækjarbakkar liggi undir skemmdum. Markmið fyrirhugaðra framkvæmda er því m.a. að byggja upp nauðsynlega aðstöðu á svæðinu til að geta tekið á móti ferðafólki og skipulagt umferð þess með verndun svæðisins í huga. Fyrirhugað er að leggja af núverandi tjaldsvæði og bílastæði og græða þau upp til samræmis við aðliggjandi land. Nýtt tjaldsvæði verði grætt upp norðan lækjarbakkanna og verði það eðlilegt framhald grasi gróinna bakkanna. Þess verði gætt að nýr gróður falli að landslagi með því að hlúa að þeim gróðri sem fyrir er, í stað þess að dreifa fræjum nýrra tegunda. Gert er ráð fyrir að girða hverasvæðið og tjaldsvæðið af með rafmagnsgirðingu og friða það fyrir ágangi sauðfjár. Þá eru ráðgerðar mismunandi uppgræðslutilraunir innan girðingarinnar í samvinnu við Náttúruverndarráð.

Í frummatsskýrslu kemur fram að ekki sé vitað til að framkvæmdirnar muni valda breytingum á dýralífi.

Ferðafélag Íslands bendir á að fullyrðingar í frummatsskýrslu um að ekki séu fyrirsjáanleg áhrif á gróður og dýralíf séu örökstuddar og að ekki séu lögð fram nein gögn um náttúrufar á Hveravöllum. Það sé lágmarkskrafa þegar unnið er að deiliskipulagi fyrir ferðamannastaði á hálendinu að vitneskja um náttúru svæðisins



liggi fyrir áður en vinna hefst. Lagt er til að kannað verði náttúrufar á Hveravöllum og næsta nágrenni. Í kjölfar þess verði unnið frekara mat á umhverfisáhrifum í ljósi þess að svæðið er ein af náttúruperlum landsins.

Náttúruverndarráð bendir einnig á að ekki hafi verið gerð könnun á gróðurfari og dýralífi á svæðinu og telur frummatsskýrsluna ekki uppfylla skilyrði 5. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum á lífríki. Náttúruverndarráð setur þau skilyrði fyrir framkvæmdunum að gróðurfar og dýralíf á svæðinu verði kannað, þar sem unnið verði eftir ítarlegri rannsóknaráætlun og ekki hafist handa við framkvæmdir á svæðinu fyrr en niðurstöður rannsókna liggi fyrir sem sýni að framkvæmdirnar skaði ekki hverasvæðið eða gróðurlendi.

Í svari verkfræðistofunnar Fjölhönnunar hf. við umsögnum og athugasemdum kemur fram að leitað hafi verið til Guðmundar Guðjónssonar á Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi skýringar á gróðurlendum er koma fram á gróðurkortu af Hveravöllum. Í bréfi Guðmundar til Fjölhönnunar hf., dagsettu 20. febrúar 1996, kemur fram að þau gögn sem liggi að baki gróðurkortinu séu orðin 35 ára og að kortið sé í of litlum mælikvarða til að gefa nógu góða mynd af gróðurfari svæðisins. Guðmundur mælir með því að gert verði gróður- og landnýtingarkort af svæðinu í mælikvarða 1:2000-1:5000. Auk þess verði könnuð tegundafjölbreytni og gróðurfari lýst. Með þessum upplýsingum verði hægt að segja til um gildi svæðisins hvað gróðurfar varðar. Guðmundur bendir einnig á að að skv. heimildum Náttúrufræðistofunnar Íslands vaxi sjaldgæfir mosar og mosasamfélög á hverasvæðinu. Fjölhönnun hf. tekur undir ábendingar Náttúruverndarráðs og Guðmundar Guðjónssonar um að kanna þurfi gróðurfar á svæðinu. Ákvarðanir um uppgræðslu á svæðinu verði teknar í samráð við Náttúruverndarráð, á grundvelli þessara athugana.

Í svari Fjölhönnunar hf. kemur fram að leitað hafi verið til Ævars Petersen hjá Náttúrufræðistofnun Íslands til heimildaöflunar um dýralíf á Hveravöllum. Að hans sögn séu litlar heimildir til um dýralíf á Hveravöllum og engin samantekt sé til um svæðið sem slíkt. Að mati Fjölhönnunar hf. verður ekki vart mikils dýralífs við dvöl á Hveravöllum. Það sé ef til vill umferð manna um svæðið sem geri það að verkum að fuglar sæki lítið þangað. Þar sem ný ferðamannamiðstöð verði byggð sé ekki eftirsóttur staður fyrir fugla og því hafi ekkert komið fram sem bendi til þess að framkvæmdirnar hafi áhrif á dýralíf.

## 5.8 ÁHRIF Á FORNLEIFAR

Í Aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012 er í umfjöllun um þjóðminjar getið um Eyvindartóft á Hveravöllum og Eyvindarrétt í Kjalhrauni um 800 m suður af hverasvæðinu á Hveravöllum.

Ekki er getið um fornleifar í tillögu að deiliskipulagi. Í frummatsskýrslu er í fylgiskjali bréf Þjóðminjasafns Íslands þar sem fram kemur að ekki séu gerðar athugasemdir af hálfu stofnunarinnar við frummat eða tillögu að deiliskipulagi. Þetta álit Þjóðminjasafns er ítrekað í umsögn stofnunarinnar á frumathugunartíma.

Fornleifastofnun Íslands bendir á að ekki hafi farið fram fornleifaskráning vegna deiliskipulagsgerðar, eins og 18. grein þjóðminjalaga nr. 88/1989 með síðari breytingum geri ráð fyrir.

## 5.9 SAMRÆMI VIÐ AÐALSKIPULAG SVÍNAVATNSHREPPS

Aðalskipulag Svínvatnshrepps 1992-2012 var staðfest af umhverfisráðherra 3. nóvember 1993, með þeim fyrirvörum að frestað var skipulagi á veglínu frá Reykjabót að Svínvetningabraut og að staðfestingin næði ekki til marka sveitarfélagsins í óbyggðum.

Í greinargerð með aðalskipulaginu segir m.a. um þjónustusvæði við Hveravelli:

*„Í aðalskipulaginu er gerð tillaga um að nýi vegurinn upp Hvinverjadal endi við Breiðmelinn, þar sem Þjófadallaleið sveigir upp á melinn. Þar verði bílastæði og þjónustusvæði, sem hér er nefnt „Hvinur“ til hægðarauka. Svæðið er um 1 ha að stærð, auk þess sem gert er ráð fyrir 2ja ha tjaldstæði. Þaðan er um 700 metra gangleið að hverasvæðinu, meðfram grónum botni Hvinverjadals, og hveralæknum.*

*Í Hvin er gert ráð fyrir að komið verði fyrir þeim skálum og húsum, sem lagt er til að færð verði af friðlýsta svæðinu, og bensínstöðinni af Breiðmel. Þar er lagt til að gerð verði ný baðlaug, sem svari heilbrigðiskröfum reglugerða. Að byggt verði yfir búningssklefa og salerni, matstofu og sal fyrir upplýsingaráðgjöf, staðfræðslu um Hveravelli, auk íbúðar fyrir starfsfólk. Þá er hugsanlegt að reisa fleiri skála eða smáhýsi í Hvin. Eftirsóknarvert er að byggingarlag og byggingarefni láti vel að landslagi, sem raunar er þarna örfoka Breiðmelurinn. Gera verður deiliskipulag fyrir Hvin og þar verður að setja nánari reglur um byggingar, fyrirkomulag, gerð og efnisval. Frá nýju gatnamótunum mun Hvinur sjást utan í Breiðmelnum, en staðsetningin er þó ekki ögrandi fyrir landslagið í kring og mikilvægt að byggingarfalli vel að því.“*

Þá segir enn fremur í aðalskipulagsgreinargerðinni:

*„Sú þjónusta, sem í aðalskipulaginu er gerð tillaga um í Hvin, miðast við þá þjónustu, sem nú er veitt á Hveravöllum, en að betur verði að henni búið, þannig að hún svari þeim kröfum sem þarf og reglugerðir krefjast. Áhersla er á það lögð, að þjónusta á láglandi byggist upp fyrir en - eða um leið og - þjónusta á hálandi og að aðsóknarskilyrði - vegabætur - að hálandinu fylgi uppbyggingu á þjónustunni en verði ekki bætt á undan henni.*

*Til þess að undirbúa framkvæmd þessara hugmynda er brýnt að gert verði deiliskipulag af Hveravöllum og að hreppsnefnd Svínvatnshrepps taki frumkvæði um samstarf þeirra stofnana og félaga, sem hafa starfsemi á Hveravöllum.“*

Samkvæmt staðfestu aðalskipulagi er gert ráð fyrir nýrri þjónustumiðstöð við norðurmörk friðlýsta svæðisins, um 770 metrum norðaustan við gamla skála Ferðafélags Íslands. Lagt er til að legu Kjalvegur verði breytt þannig að vegurinn lengist til suðurs frá núverandi gatnamótum áður en hann sveigir til austurs. Með því færast gatnamótin upp Hvinverjadalinn sunnar. Þá verða um 800 metrar frá Kjalvegi að þjónustumiðstöð.

Í frummatsskýrslu og tillögu að deiliskipulagi er gert ráð fyrir þeim breytingum frá staðfestu aðalskipulagi að miðstöðin færist nær hverasvæðinu og verði um 170 metrum norðan eldri skála Ferðafélags Íslands, auk þess sem legu aðkomuvegar er breytt. Einnig er lóð ferðamannamiðstöðvar stækkuð úr 1 ha í 2 ha.

## 5.10 SVÆÐISSKIPULAG MIÐHÁLENDISINS

Árið 1993 var skeytt bráðabirgðaákvæði við skipulagslög nr. 19/1964, með lögum nr. 73/1993, til að unnt væri að mynda samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags fyrir miðhálandi Íslands. Samkvæmt lögum þessum skipa þær 12 héraðsnefndir sem liggja að hálandinu hver um sig einn fulltrúa í samvinnunefndina og umhverfisráðherra skipar formann hennar. Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur starfað frá miðju ári 1994. Fram að þessu hefur meginverkefni nefndarinnar og ráðgjafa hennar verið að safna upplýsingum og vinna úr þeim. Smám saman er að skapast heildarmynd af stöðu hálandisins. Reiknað er með að fyrsta tillaga að landnotkun á miðhálandinu verði kynnt vorið 1996 og lokatillaga auglýst samkvæmt skipulagslögum árið 1997.

Samvinnunefndin fjallar ekki um eignarhald á miðhálandinu en hún hefur hins vegar látið sig varða stjórnarsýslulega skiptingu svæðisins og mörk sveitarfélaga. Nefndin hefur sent umhverfisráðherra erindi þar sem óskað er eftir aðstoð, leiðbeiningum um málsmeðferð og samráði við önnur ráðuneyti til þess að unnt verði að ná lögformlegri niðurstöðu um stjórnarsýslulega skiptingu miðhálandisins. Ráðherra varð við ósk samvinnunefndarinnar og skipaði þriggja manna nefnd til að vera henni til aðstoðar við að móta tillögu um hvernig standa megi að stjórnarsýslulegri skiptingu miðhálandisins.

Áður en tillaga að svæðisskipulagi miðhálandisins verður auglýst þarf að liggja fyrir hver fer með stjórnarsýslu á svæðinu og þar með framkvæmd svæðisskipulagsins.

Á fundi samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálandis Íslands sem haldinn var 15. febrúar 1996 var samþykkt bókun varðandi uppbyggingu ferðamannaáðstöðu á hálandinu (sjá að framan í 3. kafla, bls. 12).

Í umsögnum og athugasemdum er farið fram á það að afgreiðslu mats á umhverfisáhrifum og tillögu að deiliskipulagi verði frestað þar til gengið hefur verið frá svæðisskipulagi miðhálandisins. Samkvæmt 8. gr. laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum skal skipulagsstjóri ríkisins kveða upp rökstuddan úrskurð innan átta vikna frá því tilkynning framkvæmdaraðila var birt. Úrskurða skal um það hvort:

- a. fallist er á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða.
- b. ráðist skuli í frekara mat á umhverfisáhrifum.

Engar heimildir eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum til að fresta úrskurði skipulagsstjóra.

## 5.11 LÖGSAGA Á HVERAVÖLLUM

Í nokkrum athugasemdum er því haldið fram að Svínvatnshreppur hafi ekki lögsögu á Hveravöllum og því ekki heimildir til að láta vinna skipulag svæðisins. Er þá vísað til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Svínvatnshrepps og Torfalækjarhrepps gegn Landsvirkjun frá 20. nóvember 1995.

Með bréfi dags. 17. janúar 1996 krafðist Ferðafélag Íslands þess í stjórnarsýslukæru til umhverfisráðuneytisins að ráðuneytið felldi úr gildi þann hluta núverandi aðalskipulags Svínvatnshrepps sem fjallar um Hveravallasvæðið. Í umsögn skipulagsstjóra ríkisins um kærana sem send var ráðuneytinu með bréfi dags. 19. febrúar 1996 segir eftirfarandi um heimildir hreppsins:

„Um þá málsástæðu kæranda, að staðfesting skipulagsyfirvalda hafi verið byggð á röngum forsendum um yfirráðasvæði hreppsins, vill embætti skipulagsstjóra taka fram, að það telur að svo hafi ekki verið. Svínavatnshreppur hafi stjórnsluheimildir á því svæði sem aðalskipulagið nær til. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps gegn Landsvirkjun frá 20. nóvember 1995, varð niðurstaða dómsins sú, að stefnendur hefðu ekki leitt sönnur að því að Auðkúluheiði væri fullkomið eignarland þeirra og því bæri að sýkna stefndu Landsvirkjun af öllum kröfum stefnenda. Í dómnum er ekki tekið á stjórnslulegum heimildum sveitarstjórnar innan svæðisins, aðeins á grunn eignarrétti. Aftur á móti er þar tekið fram, að ýmis réttindi á afréttum geti verið háð leyfi hreppsnefndar. Ekki er í dómnum heldur tekið á staðarmörkum hreppanna og því ekkert sem bendir til annars en að Hveravellir séu innan staðarmarka Svínavatnshrepps og sveitarstjórn Svínavatnshrepps sé þar lögbært stjórnvald. Skipulagsstjóri ríkisins telur því ekki efni til að fallast á aðalkröfu kæranda með þeim rökum að staðfesting aðalskipulags Svínavatnshrepps sé byggð á röngum forsendum um yfirráðasvæði hreppsins.“

Umhverfisráðuneytið hefur ekki úrskurðað um kæru Ferðafélags Íslands og embætti skipulagsstjóra ríkisins hafa ekki borist gögn sem breyta forsendum ofangreindrar umsagnar. Skipulagsstjóri ríkisins telur því að hreppsnefnd Svínavatnshrepps sé lögbært yfirvald í skipulagsmálum á Hveravöllum.

## 5.12 EIGNARHALD Á HVERAVÖLLUM

Af áður nefndum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps gegn Landsvirkjun er ljóst að grunneignarréttur að Auðkúluheiði er ekki í höndum Svínavatnshrepps eins og hreppurinn hefur viljað halda fram.

Eignarhald lands á Hveravöllum er ekki ljóst. Því getur Svínavatnshreppur ekki veitt byggingarleyfi á svæðinu, þar sem nýtingarheimildir umsækjanda á fyrirhuguðu byggingarlandi þurfa að vera ljósar áður en byggingarleyfi er veitt.

Á meðan að niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur í framangreindu máli um eignarhald að Hveravöllum stendur, og löggjafinn hefur ekki mælt fyrir um hvernig eignarhaldi á svæðinu skuli háttað, er ekki hægt að heimila framkvæmdir á svæðinu.

### 5.13 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Í framlögðum tillögum að framkvæmdum á Hveravöllum eru lagðar til talsverðar breytingar á þjónustu við ferðamenn frá því sem nú er. Með tilkomu fyrirhugaðrar ferðamannamiðstöðvar mun gistirými í húsum á Hveravöllum aukast um 40-60 %, að því gefnu að áfram verði gisting í eldri skála Ferðafélags Íslands. Þó að gistirými verði svipað í fyrirhugaðri ferðamannamiðstöð og nú er á Hveravöllum (70-80 rúm á móti 70 rúmum nú) er gert ráð fyrir að nýja miðstöðin verði margfalt stærri en núverandi aðstaða. Í stað nýrri skála Ferðafélags Íslands, sem er 92 m<sup>2</sup>, komi 600-900 m<sup>2</sup> ferðamannamiðstöð. Hvorki koma fram nægjanlegar skýringar á þessum mun í fyrirliggjandi gögnum, né er gerð fullnægjandi grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdanna og fyrirhugaðrar starfsemi.

Tillaga að deiliskipulagi gerir ennfremur ráð fyrir 1.500 m<sup>2</sup> byggingarreit til síðari stækkunar ferðamannamiðstöðvarinnar. Ekki er gerð sérstök grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmda þar, né þeirrar starfsemi sem þar yrði rekin.

Kjalvegur er nú fær fólksbílum yfir sumarið. Því er fyrirsjáanlegt, og reyndar þegar orðin raunin, að umferð um svæðið mun aukast verulega. Ekki er ljóst hvort áformaðar eru eða fyrirsjáanlegar þær vegabætur á Kjalvegi, sem lengja muni enn opnunartíma vegarins, til að mynda á vorin og snemmsumars. Nauðsynleg forsenda mats á umhverfisáhrifum framkvæmda á Hveravöllum er að spáð sé fyrir um fjölgun ferðamanna um Kjalveg og Hveravelli og gerð grein fyrir því í áætlun um framkvæmdir og starfsemi hvernig brugðist skuli við aukinni aðsókn að svæðinu. Ennfremur þarf að meta kosti varðandi uppbygginu á Hveravöllum í samhengi við þá þjónustu sem er til staðar annars staðar á leiðinni yfir Kjöl og hvaða miðstöðvar eru fyrirhugaðar við jaðar hálendisins.

Eins og fram hefur komið eru Hveravellir vinsæll áningarstaður ferðamanna, en umhverfi þeirra er viðkvæmt fyrir ágangi og hefur látið á sjá á undanförunum árum vegna aukinnar aðsóknar ferðamanna. Hverasvæðið er aðal aðdráttarafl svæðisins, en hverirnir og næsta nágrenni þeirra eru friðlýst náttúruvætti samkvæmt auglýsingu nr. 217/1975. Hverahrúðrið í kringum hverina er mjög viðkvæmt, lengi að myndast og auðvelt að spilla því á stuttum tíma með óheftri umferð fólks. Reynslan hefur sýnt að hverasvæðið breytist ört og hafa hverir horfið og aðrir myndast síðan farið var að fylgjast með því. Jarðhitasvæði eru einkar sérstök, bæði hvað varðar jarðfræði og lífríki. Ekki liggja fyrir rannsóknir á hverasvæðinu á Hveravöllum, hvorki á jarðhita né lífríki.

Afla þarf gagna frá staðkunnugum um hverasvæðið og breytingar á því auk nákvæms hitakorts af hverasvæðinu öllu. Á kortinu þarf að koma fram dreifing hveranna, hrúðurhellan í kringum þá og hvort merki sjáist í henni um eldri hver. Einnig þarf að mæla hitastig og rennsli úr einstökum hverum. Í framtíðinni verði síðan fylgst með svæðinu á sama hátt til að greina sveiflur í hita og rennsli yfir lengri tímabil og breytingar á því.

Meta þarf umhverfisáhrif vatnstöku og/eða varmanáms á jarðhitasvæðið á grundvelli rannsókna á hverasvæðinu. Til að svo megi verða þá þurfa að liggja fyrir nákvæmir útreikningar og spár um orkuþörf miðað við umfang framkvæmda og starfsemi. Síðan þarf að bera saman mismunandi kosti við orkuöflun. Ástæða er til að kanna möguleika á borun eftir heitu vatni utan sjálfs hverasvæðisins, sem sést á yfirborði, án þess að raska vatnskerfi þess. Verði varmaskipti úr hverum fyrir valinu, þarf að

efnagreina vatn úr þeim hverum sem líklegt er að verði nýttir til orkuöflunar með tilliti til útfellinga við varmaskipti og áhrifa hitataps á náttúrulega myndun hverahrúðurs. Jafnframt þarf að kanna hvernig útfellingar hafa verið í núverandi lögn að þró og á varmaskiptum. Kanna þarf hita grunnt í jarðvegi ef slíkum mælingum verður við komið.

Rannsaka þarf kaldavatnsbúskap svæðisins, það er yfirborðsvatn og grunnvatn, með tilliti til öflunar neysluvatns og hættu á vatnsmengun frá frárennsli frá starfsemi á svæðinu, áður en hægt er að meta umhverfisáhrif vatnsöflunar. Æskilegt er að leita að stað utan við hitasvæðið, þar sem grafa mætti brunn eða bora grunna holu án þess að grunnvatnsbúskap hveranna yrði breytt. Efnagreina þarf kalda vatnið til að tryggja að það sé neysluhæft.

Reynslan sýnir að hverabungurnar og lækjarbakkarnir á Hveravöllum eru viðkvæm fyrir ágangi manna og búfjár. Áður en ráðist er í framkvæmdir af því umfangi sem lýst er í frummatsskýrslu og tillögu að deiliskipulagi er nauðsynlegt að rannsaka lífríki svæðisins er taki til gróðurfars, dýralífs (smádýralífs) og örvera í hverum innan náttúruvættisins á Hveravöllum. Á grundvelli þessara rannsókna verði metið hvort framkvæmdirnar kunni að hafa áhrif á lífríkið.

Meta þarf gróðurskilyrði og þörf fyrir uppgræðslu. Allar uppgræðsluáðgerðir á svæðinu verða að taka mið af niðurstöðum könnunar á gróðurskilyrðum svo og niðurstöðum uppgræðslutilrauna innan girðingar. Uppgræðsla verði bundin við notkun á innlendum tegundum plantna sem nú þegar þrífast á svæðinu. Tillögur og framkvæmdir vegna uppgræðslu verði unnar í samvinnu við Náttúruverndarráð.

Fylgjast þarf með umhverfinu eftir að framkvæmdum lýkur, svo hægt sé að taka í taumana ef þörf krefur. Setja verður upp áætlun um umhverfisvöktun þar sem meðal annars verði fylgst með breytingum á lífríki og hverum.

Ekki hefur verið unnin fornleifakönnun á Hveravöllum. Fornleifastofnun Íslands vinnur nú að fornleifakönnun á miðhálandinu í tengslum við gerð svæðisskipulags. Í ljósi umsagnar Þjóðminjasafns Íslands þykir ekki ástæða til að fara fram á sérstaka fornleifakönnun vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda á Hveravöllum.

Í tillögu að deiliskipulagi er gert ráð fyrir færslu ferðamannamiðstöðvar, tjaldsvæðis og aðkomuvegar frá því sem er í staðfestu Aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012 og auk þess er lóð ferðamannamiðstöðvarinnar tvöfalt stærri en gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi, eða 2 ha í stað 1 ha.

Eins og fram kemur í greinargerð aðalskipulagsins lagði hreppsnefnd Svínavatnshrepps áherslu á að þjónusta á láglandi byggðist upp fyrir eða um leið og þjónusta á hálandi. Frá þessari stefnu virðist vera vikið með því að leggja nú áherslu á uppbyggingu á Hveravöllum áður en hugað er að uppbyggingu við Svínavatn. Þá er vandséð hvernig margfalt stærri mannvirki og verulegir stækkunarmöguleikar umfram það, eins og gert er ráð fyrir í deiliskipulagstillögu, samræmist þeirri stefnu aðalskipulagsins að uppbygging muni „miðast við þá þjónustu, sem nú er veitt á Hveravöllum, en að betur verði að henni búið, þannig að hún svari þeim kröfum sem þarf og reglugerðir krefjast.“

Gera þarf nákvæmari grein fyrir því hvaða framkvæmdir eru fyrirhugaðar á Hveravöllum, umfangi þeirra (stærð, gerð og staðsetningu) og starfsemi (hver, hve mikil og hvenær árs).

Gera þarf grein fyrir og meta umhverfisáhrif mismunandi kosta þjónustu við ferðamenn á Hveravöllum. Þar þarf að bera saman umhverfisáhrif óbreyttrar þjónustu, uppbyggingar ferðaþjónustu á jaðri friðlýsta svæðisins og uppbyggingar ferðaþjónustu við Kjalveg.

Gera þarf grein fyrir hvaða kostir eru mögulegir varðandi einstaka framkvæmdaþætti og meta umhverfisáhrif þeirra, s.s. vegna efnistöku, rafstöðvar, birgðageymslu fyrir bensín og olíur, göngustíga, girðingar, veitna og sorpförgunar. Minnt er á að hverirnir á Hveravöllum og nágrenni þeirra eru friðlýst náttúruvætti og öll mannvirkjagerð og jarðrask þar háð leyfi Náttúruverndarráðs. Hafa þarf samráð við Náttúruverndarráð um legu og gerð stíga á friðlýsta svæðinu, sem og um allt annað rask og mannvirkjagerð sem þar er fyrirhuguð.

Áður en unnt er að veita byggingarleyfi fyrir framkvæmdum á Hveravöllum þarf að vera ljóst hvernig eignarhaldi á svæðinu er háttað.

## 6. ÚRSKURÐARORÐ

Með vísun til 8. greinar laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum, athugasemdum og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Ráðast skal í frekara mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á Hveravöllum. Þar komi fram:

1. Niðurstöður rannsókna á jarðhita- og hverasvæðinu á Hveravöllum. Afla þarf gagna um hverasvæðið og breytingar á því auk nákvæms hitakorts af hverasvæðinu öllu. Á kortinu þarf að koma fram dreifing hveranna, allir jarðhitablettir sem tilheyra hitasvæðinu, hrúðurhellan í kringum hverina og hvort merki sjáist í henni um eldri hver. Einnig þarf að mæla hitastig og rennsli úr einstökum hverum.

Meta þarf umhverfisáhrif vatnstöku og/eða varmanáms á jarðhitasvæðið á grundvelli rannsókna á hverasvæðinu. Til að svo megi verða þá þurfa að liggja fyrir nákvæmir útreikningar og spár um orkuþörf miðað við umfang framkvæmda og starfsemi. Síðan þarf að bera saman mismunandi kosti við orkuöflun. Ástæða er meðal annars til að kanna möguleika á borun eftir heitu vatni utan sjálfs hverasvæðisins, sem sést á yfirborði, án þess að raska vatnskerfi þess. Verði varmaskipti úr hverum fyrir valinu, þarf að efnagreina vatn úr þeim hverum sem líklegt er að verði nýttir til orkuöflunar með tilliti til útfellinga við varmaskipti og áhrifa hitataps á náttúrulega myndun hverahrúðurs. Jafnframt þarf að kanna hvernig útfellingum hefur verið háttað í lögn að þró og á varmaskiptum. Einnig hita grunnt í jarðvegi ef slíkum mælingum verður við komið.

2. Niðurstöður rannsókna á kaldavatnsbúskap Hveravalla. Rannsaka þarf kaldavatnsbúskap svæðisins, það er yfirborðsvatn og grunnvatn, með tilliti til öflunar neysluvatns og hættu á vatnsmengun frá frárennsli frá starfsemi á svæðinu, áður en hægt er að meta umhverfisáhrif vatnsöflunar. Æskilegt er að leita að stað utan við hitasvæðið, þar sem grafa mætti brunn eða bora grunna holu, án þess að grunnvatnsbúskap hveranna yrði breytt. Efnagreina þarf kalda vatnið til að tryggja að það sé neysluhæft.
3. Niðurstöður rannsókna á gróðurfari og dýralífi á Hveravöllum. Gera þarf úttekt á lífríki svæðisins er taki til gróðurs, dýralífs (smádýralífs) og örvera í hverum.
4. Áætlun um umhverfissvöktun, þar sem meðal annars verði fylgst með breytingum á lífríki og hverum.
5. Gróðurskilyrði og þörf fyrir uppgræðslu. Kanna þarf gróðurskilyrði og þarf að taka mið af niðurstöðum þessara kannana við uppgræðslu á svæðinu, svo og niðurstöðum uppgræðslutilrauna innan girðingar. Uppgræðsla verði bundin við notkun á innlendum tegundum plantna sem nú þegar þrífast á svæðinu. Tillögur og framkvæmdir vegna uppgræðslu verði unnar í samvinnu við Náttúruverndarráð.
6. Spá um fjölda ferðamanna á Hveravöllum og um Kjalveg. Metin verði þörf á þjónustu á Hveravöllum með tilliti til hvar starfræktar eru, eða fyrirhugaðar, þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á eða nærri Kjalvegi.



7. Samanburður á umhverfisáhrifum óbreyttrar þjónustu fyrir ferðamenn frá því sem nú er á Hveravöllum, uppbyggingar við jaðar friðlýsta svæðisins og uppbyggingar við Kjalveg. Gera þarf nákvæma grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum, umfangi þeirra og fyrirhugaðri starfsemi.
8. Í umfjöllun um hvern þeirra kosta sem metnir verða, sbr. 7. tl., þarf að gera grein fyrir umhverfisáhrifum allra framkvæmdaþátta og þeirrar starfsemi sem fyrirhuguð er, s.s. vegna efnistöku, rafstöðvar, birgðageymslu fyrir bensín og olíur, göngustíga, girðingar, veitna og sorpförgunar.

## 7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann er birtur eða kynntur viðkomandi aðila.

Reykjavík 7. mars 1996,

Stefán Thors

Halldóra Hreggviðsdóttir

